Þýtt úr ensku:

Rev 5: Feb 2003

Samningsákvæði
(eiga við um verktakasamninga NASKEF sem lægri eru en $100.000)

1. Almenn ákvæði, kjör og skilmálar

A. Almennar kröfur

Yfirlýstur og samþykktur tilgangur og markmið er að öll vinna, efni, búnaður, flutningur og stjórnun, sem krafist er til að framkvæma það verk sem tilgreint er í samningi þessum og framkvæma á í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, sé þannig að mannvirkið sé fullfrágengið og tilbúið til notkunar. Samningur þessi veitist þeim verktaka sem leggur fram ábyrgt og hagstætt tilboð.

B. Umfang verks

XXXX

C. Staðsetning verks:

XXXX

D. Gerð verksamnins og tilhögun verks.

a. Ákvæði verksamnings.
Gera skal verksamning til XXXX daga/mánaða miðað við gildistöku frá XXXX, eða 15 dögum eftir undirritun verksamnings. Innihaldi verksamningur þessi valmöguleika varðandi verkþætti, tíma eða verklag, er verkkaupa í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér einhverja valmöguleika verksamnings þessara. Bandarríska ríkisstjórnin er ekki skuldbundin til þess að nota neina valmöguleika.

b. Undirbúningur fundar.
Innan XXXX daga frá undirritun verksamnings og áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki mæta til undirbúningsfundar með fulltrúum yfirmanns verksamningsgerðar sem boðaður verður af yfirmanni verksamningsgerðar til að ræða ýmis stjórnunaratriði og koma á gagnkvæmum skilningi aðila á stjórnun og tilhögun verksins.

c. Vinnustundir.
Starfsaðstaðan er opin allan framkvæmdartímann og verktakinn skal haga sinni vinnu þannig að sem minnst truflun verði á venjulegri starfsemi staðarins. Venjubundinn vinnutími í Varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli er frá kl. 8.00 - 17.00 frá mánudegi til og með föstudags <u>að undanskildum</u> alríkis frídögum. Í þeim tilvikum að verktaki telji sig þurfa að vinna utan venjubundins vinnutíma, á laugardögum, sunnudögum eða helgidögum, skal slík beiðni sérstaklega borin upp við fulltrúa verkkaupa til samþykktar með minnst þriggja daga fyrirvara. Verktaki skal ávallt sjá um fullnægjandi vinnulýsingu vinnusvæða sinna.

E. Upphaf verks, framvinda og verklok:

Verktaki skal hefja verkið eigi síðar en XXXX almanaksdögum eftir að tilboði hans er tekið. Verktaki skal framkvæma verkið af ýtrustu kostgæfni og ljúka því tilbúnu til notkunar innan XXXX daga frá því honum er tilkynnt að verkið megi hefjast. Verkáætlun skal háð samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Búnaður og verkaðferðir kunna að vera háðar samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Innifalið í verkáætlun skal vera hreinsun vinnusvæðis við verklok. Tilkynna skal yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) um verklok svo unnt sé að taka verkið út og samþykkja það.

F. Truflun á veitukerfum og rekstri þeirra

Framkvæmdir skv. samningi þessum kunna að kalla á skipulagningu truflana á veituþjónustu á svæðinu og rekstur veitukerfa. Verktaki skal leita skriflega samþykkis yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) eigi síðar en fimm dögum áður en nauðsynlegt er að loka fyrir eða trufla veituþjónustu. Truflun á veituþjónustu verður einungis heimiluð þegar hún hefur ekki áhrif á viðkomandi rekstur. Í öllum tilvikum skal lokun veituþjónustu einungis eiga sér stað utan venjulegs opinbers vinnutíma eða um helgar. Verktaka er óheimilt að breyta eða trufla stillingar nokkurra stjórntækja veitukerfa, t.d. vatnsveitu, skólplagna, rafmagns- og hitaveitu. Stjórnvöld annast sjálf aðgerðir varðandi veitukerfin eins og þörf krefur vegna viðkomandi verkframkvæmda.

Skurðgröftur, venjulegur gröftur og borun o.s.frv., sem framkvæma þarf vegna verksins, er háð því að verktaki leyti samþykkis fyrir slíkum aðgerðum á viðkomandi svæðum. Verktaki skal verða sér út um graftrarleyfi hjá Verkfræðideild Varnarliðsins (Public Works Engineering) og afla heimildar áður en viðkomandi aðgerð er framkvæmd.

G. Rafmagn og vatn

Rafmagn og vatn fyrir verktaka getur verið fyrir hendi vegna verksins, honum að kostnaðarlausu, nema annað sé tekið fram í verksamningi. Verktaki skal greiða allan kostnað vegna tenginga, breytinga og framlenginga fyrir rafmagn og vatn. Verktaki skal annast tengingar og aftengingar, og hann skal útvega spennubreyta, bakflæðivarnir og annan tengdan búnað. Allar rafmangstengingar skulu vera í samræmi við kröfur íslenskrar reglugerðar um raforkuvirki og "USA National Electrical Code".

H. Efni og búnaður sem opinberir aðilar útvega

XXXX
Á ekki við!

I. Teikningar og áætlanir sem fylgja verklýsingum

Eftirfarandi teikningar fylgja verklýsingu þessari og eru hluti hennar. Teikningarnar eru eign bandarískra stjórnvalda og óheimilt er að not þær á nokkurn annan hátt en fram kemur í verklýsingum þessum.

PWD#	NAVFAC#	HEITI:
XXXX		

J. Framlagning/sýnishorn

Verktaki skal leggja sýnishorn eftirfarandi efna fyrir fulltrúa yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) til samþykktar eigi síðar en 5 almanaksdögum fyrir tilgreindan upphafsdag verkframkvæmda. Eigi skal nota viðkomandi efni eða þau sett upp á vinnusvæðinu fyrr en notkun þeirra hefur verið samþykkt. Sýnishornum verður ekki skilað til verktaka.
XXXX

K. Staðlar og verklýsingar

Vinna verktaka skal vera skv. eftirfarandi stöðlum og/eða verklýsingum bandarískra stjórnvalda:

Opinberir staðlar og verklýsingar	Lýsing
XXXX	
Á ekki við!	

L. Ásættanlegar tafir

Verktaki er ábyrgur fyrir vanefndum og töfum nema af orsökum sem verða ekki raktar til hans, t.d. náttúruhamfarir eða ófriðarástand, aðgerðir stjórnvalda, eldsvoði, flóð, sjúkdómafaraldrar, einangrun vegna sjúkdóma, verkföll, óvenju slæmt veður og tafir vegna flutninga. Verktaki skal tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), skriflega og svo fljótt sem auðið er, ástæður og upphaf ásættanlegra tafa, og skal hann gera nákvæma grein fyrir þeim. Hann skal jafnframt senda yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) skriflega tilkynningu um lok slíkra tafa.

M. Orkuhagkvæmni

Verktaki skal virða allar áætlanir Varnarliðsins um hagkvæma orkunýtingu. Leita skal samþykkis yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) áður en orkufrek verkfæri eða búnaður er notaður.

N. Eldvarnir

Verktaki og starfsmenn hans skulu kunna skil á gangsetningu eldviðvarana. Meðferð verktaka og geymsla eldfims búnaðar, efna og úrgangs skal vera þannig að fólki, mannvirkjum, búnaði og efnum stafi ekki hætta af. Starfsmenn verktaka, sem vinna með hættulegan búnað eða efni, skulu sérstaklega þjálfaðir í réttum viðbrögðum ef eldviðvörun er gefin eða eldsvoði verður.

O. Reglugerðir um umhverfismál

Verktaki skal virða og framfylgja öllum umhverfisverndarlögum, reglugerðum og stöðlum ríkis og sveitarfélaga. Verktaki skal bera öll umhverfisverndarmál undir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer). Yfirmanni umhverfisverndarmála (Activity Environmental Protection Coordinator) eða öðrum opinberum aðila er heimilt að skoða framkvæmdir á vegum verktaka hvenær sem er og án fyrirfram tilkynningar þar að lútandi. Grípi opinber stofnun til sektarákvæða gegn bandarískum stjórnvöldum vegna brota af hendi verktaka í starfi hans skal verktaki endurgreiða bandarískum stjórnvöldum sektina og tengdan kostnað. Verktaki skal hreinsa alla umhverfismengandi olíu eða efni vegna starfsemi hans á eigin kostnað. Verktaki skal ekki skapa hermönnum eða borgaralegum starfsmönnum óþægindi eða hættu.

P. Starfsmenn verktaka

a. Verktaki skal láta yfirmanni verksamni ngsgerðar (Contracting Officer) í té nöfn stjórnunarstarfsmanna sinna sem starfa í umboði hans.

b. Verktaki skal hafa á sínum vegum fullnægjandi fjölda hæfra starfsmanna til þess að framkvæma verkið, verkstýra því og stjórna á allan hátt.

c. Starfsmenn verktaka skulu vera faglegir í vinnubrögðum og framkoma þeirra í allan stað kurteis og viðeigandi.

d. Verktaki skal án tafar taka af vinnusvæði hvern þann starfsmann sem yfirmaður samningsgerðar (Contracting Officer) telur að brjóti gegn almenningshagsmunum eða af öryggissjónarmiðum.

Q. Merkingar starfsmanna verktaka

Allir starfsmenn verktaka skulu skilmerkilega merktir með nafnspjaldi, einkenni eða stöfum á áberandi stað á ytri fatnaði þeirra. Slik merking kemur ekki í stað aðgöngupassa eða skilríkja sem heimila aðgang að varnarsvæðinu.

R. Leyfi

Verktaki skal útvega, án aukakostnaður fyrir bandarísk stjórnvöld, öll leyfi og heimildir sem krafist er til framkvæmda á verkinu skv. samningi þessum. Verktaki skal starfa í fullu samræmi við gildandi lög og reglur ríkis og sveitarfélaga. Verktaki skal láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té staðfestingu á því að slíkra leyfa og heimilda hafi verið aflað áður en verk hefst og á sérhverjum tíma sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) óskar slíks.

S. Verkstjórn verktaka

Verktaki skal sjálfur stýra framkvæmd verksins eða hafa til þess bæran verkstjóra eða stjórnanda sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir og skal hann vera á vinnusvæði með fullt umboð verktaka til verkstjórnar. Verktaki eða annar samþykktur verkstjórnandi skal geta lesið, ritað og talað ensku vel.

T. Slysaskýrslur

Verktaki skal halda nákvæma og rétta skrá, og tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), um öll slys sem leiða til dauða, alvarlegs áverka, starfstengdra veikinda, eða tjóns á eignum, efni, birgðum og búnaði vegna framkvæmda skv. samningi þessum. Tilkynna skal yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) um slík tilvik innan sólarhrings frá því þau eiga sér stað.

U. Verndaraðgerðir og viðgerðir

Gæta skal öryggis núverandi mannvirkja og innihalds þeirra, og öll starfsemi á vinnusvæði skal innt af hendi á öruggan hátt. Verði tjón á eignum eða núverandi starfsemi verði fyrir áföllum eða áhrifum á annan hátt vegna starfsemi verktaka, skal bæta þar um og færa í fyrra horf á kostnað verktaka áður en verk heldur áfram. Við framkvæmd verksins skal verktaki fara að reglum varnarstöðvarinnar og skal grípa til samþykktra aðgerða til verndar opinberum eignum og eignum í einkaeigu. Verktaki skal geyma eldfim efni á öruggan hátt fjarri opnum eldi, og skal fjarlægja olíutuskur, úrgang og óþörf efni að kvöldi hvers vinnudags. Verktaki skal setja upp nauðsynlegar varnir til þess að tryggja öryggi og vernda vinnusvæði skv. kröfum eða tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Verktaki skal útvega og viðhalda öllum bráðabirgðagangvegum, girðingum og öðrum nauðsynlegum búnaði sem settur er upp til þess að stuðla að öryggi manna.

V. Aðgerðir gegn kröftugum vindi eða stormi

Verktaki skal verja mannvirki, búnað, efni og starfsemi gegn tjóni og eyðileggingu af völdum veðurs. Ef gefnar eru út viðvarnir um kröftugan vind eða storm, skal verktaki grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að draga úr hættu á slysum á fólki, tjóni á vinnu og nærliggjandi mannvirkjum. Aðgerðir þessar skulu taka til lokunar allra opa, fjarlægingar allra lausra efna, verkfæra og búnaðar af opnum svæðum, og fjarlægingar eða frekari festingar vinnupalla og annarra bráðabirgðamannvirkja.

W. Tjón á verki vegna flóða eða jarðskjálfta

Telji yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) að einhver hluti verks verktaka hafi orðið fyrir tjóni vegna flóðs eða jarðskjálfta, og verktaka verður eigi kennt um tjónið, t.d. að hann hafi ekki gripið til nauðsynlegra varnaraðgerða eða hann ásakaður um ófagleg vinnubrögð, skal verktaki framkvæma viðgerðir skv. fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), og skal honum greitt að fullu fyrir slíkar viðgerðir á viðkomandi einingu á heildaruppverði og upphæð sem tilgreind er og ákveðin í verksamningi. Telji yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) að ekki séu neinar samningsbundnar einingar eða heildarverð tilgreint vegna slíkrar vinnu, skal sanngjörn aðlögun, skv. gr. „Breytingar", verða gerð til fullnaðargreiðslu viðgerða á viðkomandi einingu þar sem hvorki eining eða heildarverð er tilgreint. Að öðru leyti en tilgreint er í samningi þessum, skal tjón á allri vinnu (þ.m.t. bráðabirgðamannvirki), veitum, efnum, búnaði og vinnusvæði lagað, í þeim mæli er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) telur fullnægjandi, á kostnað verktaka og án tillits til ástæðna slíks tjóns.

X. Tryggingarkröfur

a. Verktaki skal, án nokkurs viðbótarkostnaðar fyrir bandarísk stjórnvöld, vera með gildar tryggingar fyrir allar bifreiðir, sem verktaki notar vegna verks skv. samningi þessum, og eins og krafist er fyrir bifreiðir skv. íslenskum umferðalögum, þ.e., lög nr. 50, 91. gr., dags. 24. maí ,1987, eins og þau eru og skv. breytingum sem á lögunum kunna að vera gerðar. Skuldbinding verktaka skv. þessari málsgrein á við um þær bifreiðir, sem falla undir ákvæði samnings þessa, án tillits til þess hvort þær séu í eigu verktaka eða annarra.

b. Verktaki skal jafnframt, meðan á starfsemi hans stendur innan vallarsvæðisins og á svæðum innan lögsögu hersins, vera með almenna skaðabótatryggingu að upphæð $500.000 fyrir hvert tilvik. Afrit af tryggingarskírteini skal vera til reiðu fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) til skoðunar áður en vinna við verkið hefst.

c. Áður en vinna við verk það hefst, sem samningur þessi tekur til, skal verktaki láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té skírteini eða skriflega yfirlýsingu um tryggingar þær sem krafa er gerð um hér að ofan. Skírteini þau, sem ná til ofangreindra trygginga, skulu vera með framsalsákvæði í þá veru að niðurfelling eða efnisleg breyting á tryggingarskilmálum, sem hefur áhrif á hagsmuni bandaríska stjórnvalda vegna viðkomandi tryggingar, komi eigi til framkvæmda á tímabili sem tilgreint er í lögum þess ríkis þar sem samningur þessi er til framkvæmda og, alls ekki síðar en 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning þar að lútandi hefur verið send yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer).

d. Verktaki samþykkir að setja inn ákvæði þessarar greinar, þ.m.t. málsgr. c, í alla undirsamninga skv. samningi þessum.

Y. Yfirstandandi vinna

a. Sundurtekning, aftenging, skurður, fjarlæging eða breytingar á hvaða þætti yfirstandandi vinnu sem er skulu framkvæmdar þannig að komið sé í veg fyrir slys eða tjón á viðkomandi vinnuþáttum, án tillits til þess hvort þeir eigi að vera áfram á sama stað, þeir endurnotaðir í nýju verki, eða teknir frá og geymdir.

b. Alla hluti yfirstandandi vinnu, sem skorið hefur verið í, þeir orðið fyrir tjóni eða þeim breytt á einhvern hátt meðan á byggingaraðgerðum stendur, skal laga eða nýir komi í þeirra stað á fullnægjandi hátt er samræmist yfirstandandi eða nærliggjandi vinnu. Verktaki skal annast alla vinnu af þessum toga á sinn kostnað og skv. tilmælum þar að lútandi. Við verklok skal yfirstandandi rekstur vera í jafngóðu ástandi og áður en verkið hófst.

Z. Munnlegar breytingar

Engar munnlegar yfirlýsingar nokkurs annars aðila en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) geta á nokkurn hátt eða í neinum mæli breytt eða haft áhrif á ákvæði samnings þessa. Verktaki skal eigi gera neinar breytingar eða aðlögun á samningi þessum á grundvelli fyrirmæla viðskiptavinar eða nokkurs einstaklings að undanskildum yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) eða fulltrúa hans.

AA. Reglur á varnarsvæði

Verktaki og starfsmenn hans, og allir undirverktakar skulu þekkja og fara eftir reglum þeim er gilda á varnarsvæðinu, þ.m.t. reglur um starfsöryggi, eldvarnir, umferð og öryggisreglur hersins. Allir starfsmenn varnarstöðvarinnar skulu halda sig innan eigin vinnusvæða (og viðeigandi aðkomu- og brottfararleiða), og skulu eigi fara inn á bannsvæði nema þess sé óskað og eftir að hafa hlotið formlega heimild til þess.

BB. Bifreiðir verktaka

Allar bifreiðir verktaka, sem notaðar eru á vallarsvæðinu, skulu vera í fullkomnu lagi og vel við haldið, og með fulla heimild til notkunar á Íslandi. Allir kranar og lyftitæki skulu skoðuð af Kranaeftirliti PWD. (Weight Handling Equipment officer).

CC. Gildandi lög og fylgni við þau

Verktaki skal fylgja til fullnustu íslenskum lögum og reglugerðum, og tengdum reglum, þ.m.t. ráðuneyta og annarra opinberra stofnana, sem eiga við um verkframkvæmd og þjónustu þá sem inna á af hendi skv. samningi þessum, og verktaki skal, skv. beiðni þar að lútandi frá yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), láta bandarískum stjórnvöldum í té staðfestingu á því að lögum og reglugerðum sé fylgt.

DD. Reikningar verktaka

Við verklok og eftir að bandarísk stjórnvöld hafa samþykkt verkið, skal verktaki gera yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) reikning fyrir vinnu sinni. Einungis skal gera einn reikning, lokareikning, við verklok nema annað sé tekið fram eða yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir.

EE. Ekkert réttindaafsal stjórnvalda

Láti bandarísk stjórnvöld hjá líða, í einu eða fleiri tilvikum, að krefjast fullnustu framkvæmdar einhvers eða einhverra ákvæða samnings þessa, eða að neyta einhvers vals skv. samningi þessum, skal eigi líta svo á að um afsal eða eftirgjöf einhverra réttinda sé að ræða um fullnustu og framkvæmd slíkra ákvæða eða réttinda síðar meir.

FF. Íslenskir skattar

a. Samningur þessi, sem gerður er vegna vinnu á viðkomandi verksvæði, heimilar verktaka og undirverktökum hans tollfrelsi og undanþágu frá virðisaukaskatti, framleiðslu- og vörugjöldum. Í því tilviki að samningsgerð í framtíð eða túlkun á samningi þessum leiði til skattgreiðslna vegna framkvæmdar samnings þessa eða undirverktökusamninga vegna hans, skal aðlaga samningsupphæð samsvarandi upphæð slíkra skatta sem verktaka er gert að greiða og upphæð greiðslna fyrrgreindra undirverktaka, og skal aðlaga samning þennan skriflega í samræmi við það. Verktaki samþykkir að um leið og hann fær tilkynningu frá íslenskum stjórnvöldum um að hann eða einhver undirverktaka hans skuli, vegna framkvæmdar samnings þessa eða undirsamninga vegna hans, greiða einhverja slíka skatta, tilkynnir hann yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) slíkt án tafar. Sé verktaka gert að greiða og hann greiðir einhverja slíka skatta skal greiðsla einungis gerð með fyrirfram skriflegu samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), og í slíku tilviki að höfðu samráði við hann, er greiðsla innt af hendi með fyrirvara (henni mótmælt) og skal fylgja slíkri greiðslu krafa um endurgreiðslu hennar. Þrátt fyrir ofangreint og án tillits til þess hvort yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hafi gefið út fyrirmæli þar að lútandi, skal verktaki gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá endurgreiddar, í tilvikum þar sem grundvöllur endurgreiðslu er fyrir hendi, allar skattgreiðslur sem verktaki eða undirverktakar hans hafa innt af hendi til íslenskra stjórnvalda. Fái verktaki eða undirverktakar hans endurgreiðslu eða frádrátt vegna slíkra skatta hjá íslenskum stjórnvöldum, og ef um er að ræða upphæðir sem hafa verið grundvöllur verðaðlögunar skv. þessari grein samnings þessa, skal

verktaki án tafar greiða bandarískum stjórnvöldum viðkomandi endurgreidda upphæð. Fari yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fram á það, skal verktaki framselja á hendur bandarískum stjórnvöldum allan rétt sinn um endurgreiðslu skatta sem greiddir eru með fyrirvara (skattgreiðslur sem mótmælt er). Samningsaðilar eru sammála um þá túlkun að ákvæði greinar þessarar eiga ekki við um nein hafnargjöld sem verktaka kann að vera gert að greiða eða vegna farms sem fluttur er til eða frá Íslandi.

b. Verktaki lýsir því hermeð yfir að hann innifeli ekki í samningsupphæð og muni ekki eigi innifela í upphæð samnings þessa við bandarísk stjórnvöld, nein gjöld, eða gera ráð fyrir skattgreiðslum sem um er fjallaði í grein a. hér að framan.

c. Ákvæði málsgreina þessara um verðaðlögun taka ekki til neinna refsigreiðslna eða vaxtabreytinga sem verktaki greiðir vegna eða í tengslum við neina skatta sem hér eru tilgreindir, nema refsigreiðslna eða vaxtabreytinga sem leiða af drætti af hendi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) á því að veita fyrirfram skriflega heimild vegna slíkrar greiðslu.

GG. Tollkröfur á varnarsvæði

a. Orðið „varnarsvæði" vísar til tilgreinds svæðis þar sem sérstakar tollreglur gilda. Stjórnvöld í málefnum tolla á varnarsvæðum eru íslensk stjórnvöld og fer Ríkislögreglustjóri með þau mál fyrir hönd stjórnvalda. Verktaki skal þekkja og fylgja öllum tollkröfum vegna flutnings efnis, verkfæra, bifreiða, búnaðar o.fl. á og af varnarsvæðum.

b. Heimilt er að flytja tollfrjáls byggingarefni á varnarsvæðin og gilda þá eftirfarandi ákvæði:

1) Gera skal efnislista í tvíriti og afhenda hann fulltrúa tollyfirvalda við aðalhlið. Á listanum skal vera lýsing og magntölur hvers efnis um sig sem endurgreiðsla tolls er óskað vegna. Fulltrúi tollyfirvalda mun staðfesta tilvist efnisins og undirritar síðan bæði eintök efnislista. Afhenda skal fulltrúa tollyfirvalda annað eintak listans en hitt skal vera í vörslu verktaka.

2) Við verklok skal verktaki færa allt efni sem afgangs er að aðalhliði og mun fulltrúi tollyfirvalda staðfesta tilvist þeirra, færa inn athugasemdir og undirrita síðan frumlista. Verktaka er þá heimilt að sækja um endurgreiðslu tollgjalda vegna efnis sem notað hefur verið á varnarsvæði.

c. Afgangsefni: Losna skal við allt afgangsefni, t.d. efni sem fjarlægt er úr niðurrifi, í gegnum Sölunefnd varnarliðseigna þegar það á við eða það sett í landfyllingu á varnarsvæði. Verktaki býður fyrst Sölunefnd varnarliðseigna efnin. Verktaki skal losa efni, sem Sölunefnd varnarliðseigna tekur ekki við, á landfyllingu á varnarsvæði. Verktaki er ábyrgur fyrir niðurrifi, fjarlægingu, flutning og afhendingu alls efnis eins og tilgreint er í samningi þessum. Hugtökin „niðurrif", „losun", „fjarlæging" og svipuð hugtök taka til framkvæmda verktaka á öllum verksviðum sem nefnd eru hér að ofan.

d. Bifreiðir, verkfæri og tæki: Bifreiðir, verkfæri og tæki, sem eru eign verktaka, falla ekki undir tollfrelsi það sem hér er nefnt. Jafnframt skal skrá tæki og öll stærri verkfæri hjá tollskrifstofunni áður en komið er með þau inn á eða þau tekin út af varnarsvæði. Verktaki skal afhenda tollskrifstofu lista í tvíriti þar sem fram kemur lýsing á viðkomandi hlut, nafn framleiðanda og framleiðslunúmer. Hlutir, sem hér er vísað til, eru pressur, rafalar, stór kraftverkfæri o.s.frv. Handverkfæri eins og hamrar, skrúfjárn, litlar borvélar o.þ.h. þarf ekki að skrá. Eitt eintak listans verður í vörslu tollfulltrúa við aðalhlið þar til viðkomandi hlutur fer út af varnarsvæði við verklok.

e. Frekari upplýsingar um tollamál eru veittar á íslensku tollskrifstofunni í síma 425-2208 eða 421-1538 (nr. 2208 ef hringt er úr síma á vallarsvæðinu).

HH. Sanngjörn aðlögun: Afsal og afhending krafna

a. Í hvert sinn sem verktaki leggur fram kröfu um sanngjarna aðlögun á grundvelli einhvers ákvæðis samnings þessa, sem gerir ráð fyrir sanngjarnri aðlögun samningsins, skal slík krafa innifela allar tegundir aðlögunar í heildarupphæðum þeim sem viðkomandi ákvæði heimilar verktaka slíkt, þar með talið en takmarkast ekki við aðlögun vegna seinkunar eða truflunar, eða bæði, sem leiðir af slíkri breytingu. Í tilvikum, nema þar sem samningsaðilar eru beinlínis sammála, skal svo á litið að verktaki hafi afsalað sér (i) aðlögun, sem hann að öðru leyti kann að eiga rétt á skv. samningsákvæði ef hann fer ekki fram á slíka aðlögun, og (ii) sérhverja hækkun upphæðar sanngjarnrar aðlögunar til viðbótar þeim sem hann hefur óskað í kröfu sinni.

b. Verktaki samþykkir, óski yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) þess, að gefa út yfirlýsingu á eyðublaði og á ásættanlegan hátt, til yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) sem hluti samningsviðauka þar sem fram kemur ofangreind sanngjörn aðlögun. Verktaki samþykkir jafnframt að slík yfirlýsing losar bandarísk stjórnvöld, fulltrúa þeirra, talsmenn og starfsmenn undan frekari kröfum, þar með

talið en takmarkast ekki við frekari kröfur sem leiða af seinkun eða truflun eða bæði, vegna fyrrgreindrar breytingar.

II. Tilboð í bandarískum gjaldmiðli

Tilboð, sem gerð eru vegna þessa útboðs, skulu vera í bandarískum gjaldmiðli (USD) nema yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimili annað.

(lok greinar)

JJ. Staðsetning neðanjarðarlagna

Í tilvikum þar sem röralagnir, aðrar lagnir og fyrirstaða er neðanjarðar á stöðum þar sem leggja skal nýjar lagnir og æðar skv. verksamningi, og ekki er gefið til kynna eða sagt að þær skuli fjarlægja, skal leita staðfestingar á upptöku núverandi lagna og fyrirstaðna áður en nýjar lagnir eru lagðar nær næsta brunni eða mannvirki þar sem unnt er að gera aðlögun með tilliti til aðstæðna. Verktaki skal tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) ef núverandi staðsetning stangast á viðkomandi vinnusvæði við þær framkvæmdir sem skilgreindar eru í verksamningi á grundvelli málsgreinarinnar „Breytingar og breyttar aðstæður" (CHANGES AND CHANGED CONDITIONS).

KK. Ábyrgð á búnaði og tækjum

Verktaki skal ábyrgjast að allur búnaður og tæki, sem útveguð eru skv. þessari pöntun séu gallalaus hvað varðar efnisgerð, frágang og uppsetningu í eitt ár frá þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir þau. Áður en pöntun er frágengin, skal verktaki láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té skriflegar ábyrgðir fyrir hvern búnað og tæki. Verktaki skal láta fylgja hverri ábyrgð nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa ábyrgðaraðila sem næstur eru þeim stað þar sem búnaðurinn og tækin hafa verið sett upp.

Við uppsetningu þeirra skal verktaki merkja hvern búnað og tæki með varanlegri olíu- og vatnsþolinni merkingu sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir. Merkin skulu fest á búnað og tæki með koparvír og reitir fyrir dagsetningu samþykkts búnaðar og tækja, og fyrir undirskrift skoðunarmanns, skulu vera auðir þar til yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt verkið. Þegar yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt búnað og tæki, og undirskrift skoðunarmanns fengin, skal úða merkin með glæru vatnsþolanlegu sílíkonlagi. Á merkjunum skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

XXXX
Á ekki við!

LL. Hindranir og ljós

Verktaki skal sjálfur útvega og setja upp hindranir, viðvörunarljós og annan samþykktan öryggisbúnað sem nauðsynlegur er talinn vegna aðstæðna á vinnusvæði eða eins og yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gerir kröfu um.

MM. Asbestskírteini

Sum efni, efnisinnihald, sem tilgreind eru og nota á skv. samningi þessum, innihalda XXXX ekki asbest.

II. Verktaki skal fara eftir eftirfarandi aðfangareglum (FAR reglum).

A. Eftirfarandi grein er framkvæmd laga eða tilskipunar:

52.233-3: Mótmæli eftir úthlutun (ág. 1996) (31. U.S.C. 3553).

(a) Við móttöku tilkynningar um mótmæli (skv. skilgreiningum FAR 33.101) eða ákvörðunar um að mótmæli séu líkleg (sjá FAR 33.102(d)), er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt, með skriflegri tilkynningu til verktaka, að tilkynna honum að framkvæmd verks skv. samningi þessum, skuli stöðvuð. Tilgreina skal sérstaklega á tilkynningunni að um sé að ræða verkstöðvun skv. þessari grein. Við móttöku tilkynningar skal verktaki fara strax eftir fyrirmælunum og gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að lágmarka kostnað við viðeigandi verk meðan á verkstöðvun stendur. Við móttöku lokaákvörðunar mótmæla, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) annaðhvort…

(1) aflýsa verkstöðvunartilskipun, eða

(2) stöðva alfarið verkið, sem tilkynningin tekur til vegna vanefnda, eða
að ákvörðun stjórnvalda, skv. þessari grein samnings þessa.

(b) Ef verkstöðvunartilskipun, sem gefin er út skv. þessari grein, er felld niður annaðhvort fyrir eða eftir að lokaákvörðun er tekin um mótmæli, skal verktaki halda áfram vinnu sinni. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal gera sanngjarna aðlögun á afhendingaráætlun eða samningsupphæð, eða á báðum, og skal breyta samningi þessum skriflega í samræmi við það, enda…

(1) leiði verkstöðvunartilskipun til aukningar þess tíma sem nauðsynlegur er eða kostnaðar verktaka vegna verksins, við framkvæmd einstakra verkþátta skv. samningi þessum, og

(2) áskilji verktaki sér rétt til aðlögunar innan 30 daga eftir lok verkstöðvunar, *svo fremi* að yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ákveður staðreyndir er réttlæti slíka gjörð, geti yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekið og brugðist við tillögu, á hvaða tíma sem er, áður en lokagreiðsla skv. samningi þessum er innt af hendi.

(c) Ef verkstöðvunartilskipun er ekki felld úr gildi og vinna, sem tilskipunin tekur til, endar vegna opinberra aðstæðna, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarnan kostnað sem leiðir af verkstöðvunartilskipun þegar samið er um uppgjör vegna stöðvunar.

(d) Ef verkstöðvunartilskipun er ekki felld úr gildi og vinna, sem tilskipunin tekur til, endar vegna vanefnda, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarna aðlögun eða á annan hátt sanngjarnan kostnað sem leiðir af verkstöðvunartilskipun.

(e) Ekki skal nokkur aðgerð skv. þessari grein hafa áhrif á rétt stjórnvalda til þess að slíta samningi þessum á hvaða tíma sem er.

(f) Ef mótmælum er haldið uppi varðandi samning þennan vegna ásetnings eða rangrar yfirlýsingar verktaka, villandi upplýsinga, eða ef tilskilin skírteini reynast ekki fyrir hendi eða þau rétt, og stjórnvöld greiða kostnað skv. FAR 33102(b)(2) eða 33.104(h)(l), geta stjórnvöld krafið verktaka um endurgreiðslu slíks kostnaðar. Til viðbótar sérhverjum úrbótum, sem mögulegar eru, og skv. undirgr. 32.6, geta stjórnvöld innheimt skuld þessa með því að jafna þá upphæð gagnvart sérhverri greiðslu sem inna á af hendi til verktaka skv. samningi milli hans og stjórnvalda.

(lok greinar)

B. Eftirfarandi eru þau aukaákvæði FAR sem við eiga:

52.203-3: Gjafir (apr. 1984)

(a) Heimilt er að fella niður, með skriflegri tilkynningu, rétt verktaka til að halda verki áfram ef, eftir tilkynningu og fund, viðkomandi yfirmaður eða úthlutunaraðili kemst að raun um að verktaki, umboðsaðili hans eða annar fulltrúi hefur

(1) boðið eða afhent gjöf (t.d. skemmtun eða gjöf) yfirmanni í hernum, opinberum aðila, eða starfsmanni stjórnvalda, og

(2) ætlað með viðkomandi gjöf að fá samning eða jákvæða meðhöndlun samningsákvæða.

(b) Staðreyndir, sem styðja slíka ákvörðun, má leggja fyrir til þess bæran dómstól.

(c) Ef samningi þessum er slitið skv. málsgr. (a) þessarar gr., hafa stjórnvöld rétt…

(1) til þess að æskja sömu úrlausna og ef um samningsbrot væri að ræða, og
(2) þar að auki sérhverra bóta sem lög gera ráð fyrir, t.d. eigi minna en þrisvar en þó eigi meira en tíu sinnum kostnað verktaka vegna gjafa til viðkomandi aðila, og skal ákvörðun þar að lútandi vera í höndum yfirmanns stofnunar eða úthlutunaraðila. (Undirmálsgr. þessi (c)(2) á einungis við ef greiðslur vegna samnings þessa koma frá Varnarmálaráðuneytinu).

(d) Réttur og úrlausnir stjórnvalda, sem gert er ráð fyrir í ákvæði þessu, skulu ekki vera einhlítar og eru til viðbótar sérhverjum rétti og úrlausnum sem lög eða samningur þessi gerir ráð fyrir.

(lok greinar)

52.211-13: Framlenging verktíma (sept. 2000)

Framlenging verktíma vegna samningsbreytinga er háð lengd framlengingar, ef einhver, þar sem breytingar leiða til seinkunnar ýmissa byggingarverkþátta. Heimilt er að taka fram í tilkynningu, þar sem framlenging er heimiluð, að viðkomandi samningslokadagur framlengist einungis vegna tilgreindra verkþátta vegna breytinga á verki, og að öðrum

verklokadagsetningum vegna annarra verkþátta verði ekki breytt. Einnig er heimilt í tilkynningu um breytingar að gera ráð fyrir sanngjarni enduraðlögun bætanlegs tjóns vegna nýrrar verklokaáætlunar.

(lok greinar)

52.214-3: Breytingar á útboðum (des. 1989)

(a) Ef breytingar eru gerðar á útboði þessu haldast allir skilmálar og ákvæði, sem ekki eru aðlöguð, óbreytt.

(b) Tilboðsgjafar skulu staðfesta móttöku allra breytinga á útboði þessu: (1) Með undirskrift sinni og endursendingu gagna um breytingu, (2) með því að tilgreina breytingarnúmer og dagsetningu í viðkomandi reiti á tilboðseyðublaði, (3) í bréfi eða símskeyti, eða (4) í bréfsíma ef tilboð eru heimiluð á þann hátt skv. útboði. Stjórnvöld verða að fá staðfestingu fyrir tilgreindan tíma og á þann stað sem tilboð skulu sendast.

(lok greinar)

52.214-4: Rangar yfirlýsingar í tilboðum (apr. 1984)

Tilboðsgjafar skulu veita allar, nákvæmar og tæmandi upplýsingar eins og krafist er í útboði þessu og fylgigögnum. Viðurlög við að veita rangar upplýsingar í tilboðum eru skilgreind í U.S.C. 1001.

(lok greinar)

52.214-5: Framlagning tilboða (mar. 1997)

(a) Tilboð skulu vera í lokuðum umslögum eða pökkum (nema þau séu gerð á rafrænan hátt) og

(1) stíluð á heimilisfang þeirrar skrifstofu sem getið er í útboðsgögnum, og

(2) skal tilgreina tíma og dagsetningu móttöku, útboðsnúmer, og nafn og heimilisfang tilboðsgjafa.

(b) Tilboðsgjafar, sem nýta sér hraðsendingarþjónustu, skulu ganga úr skugga um að heimilisfang móttakanda (útboðsgjafa) sé ritað á ysta umslag eða umbúðir sendinga, skv. undirmálsgr. (a)(1) og (2) í grein þessari þegar þau eru send útboðsgjafa.

(c) Símsend tilboð verða ekki tekin til greina nema útboðsgjafi heimili slíkt. Heimilt er að aðlaga eða draga tilboð til baka skriflega eða símleiðis.

(d) Tilboð, breytingar eða afturköllun tilboðs í bréfsíma verður ekki tekið til greina nema útboðsgjafi heimili slíkt.

(e) Tilboð, sem send eru á rafrænan hátt, verða einungis tekin til greina ef sú aðferð er sérstaklega tilgreind eða heimiluð í útboðsgögnun.

(lok greinar)

52.214-6: Útskýringar fyrir mögulega tilboðsgjafa (apr. 1984)

Mögulegir tilboðsgjafar, sem óska útskýringa eða túlkunar á útboði, teikningum, verklýsingum o.s.frv., skulu koma slíkum óskum á framfæri skriflega og nógu tímanlega til þess að tryggja að svör komist í hendur allra mögulegra tilboðsgjafa áður en þeir leggja fram tilboð sín. Munnlegar útskýringar eða fyrirmæli, sem gefin eru áður en ákvörðun um tilboð er tekin, eru ekki bindandi. Upplýsingar til mögulegs tilboðsgjafa varðandi útboð verða einnig sendar öðrum mögulegum tilboðsgjöfum sem breyting á útboði ef viðkomandi upplýsingar eru nauðsynlegar vegna gerðar tilboða eða ef túlka mætti skort á upplýsingum sem mismunun gagnvart öðrum mögulegum tilboðsgjöfum.

(lok greinar)

52.214-7: Seinkun á framlagningu, aðlögun eða afturköllun tilboðs (nóv. 1999

(a) Tilboðsgjafar eru ábyrgir fyrir framlagningu tilboða, ásamt aðlögun og að tilkynningar um afturköllun tilboða komist í hendur stjórnvalda innan þess tilgreinda tíma sem fram kemur í útboðsgögnum (IFB invitation for bids). Ef útboðsgögn (IFB) tilgreina ekki sérstaka klukkustund skal skila tilboðum eigi síðar en kl. 16:30 á staðartíma til þeirrar opinberu skrifstofu sem tilgreind er og á þeim degi sem fram kemur í útboðsgögnum.

(b)(1) Tilboð, aðlögun eða afturköllun tilboðs, sem berst í hendur viðkomandi opinberrar skrifstofu og tilgreind er í útboðsgögnum (IFB) eftir þá klukkustund sem tilgreind er, teljast hafa borist „seint"og verða ekki tekin til greina nema í tilvikum þar sem tilboð berst fyrir ákvörðun um úthlutun, og skal þá yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ákveða hvort móttaka „seins" tilboðs myndi tefja aðföng. ; og

(i) ef tilboð er sent á rafrænan hátt, sem útboðsgögn (IFB) heimila, og það hafi verið móttekið í afgreiðslu viðkomandi opinberu stofnunar eigi síðar en kl. 17:00 einum vinnudegi fyrir tilgreinda móttökudagsetningu tilboða, eða

(ii) ef fyrirliggjandi er fullnægjandi staðfesting á því að það hafi verið komið til þeirrar opinberu skrifstofu sem tilgreind er, og hafi verið innan vébanda hennar fyrir tímamörk um móttöku tilboða.

(2) Komi aðlögun seint á framlögðu tilboði og ef viðkomandi aðlögun er þannig að kjör tilboðsins verða hagstæðari stjórnvöldum, verður tekið tillit til þessa á þeim tíma sem það er móttekið og heimilt að samþykkja hana.

(c) Fullnægjandi staðfesting á móttökutíma hjá hinni opinberu skrifstofu er m.a. tíma-/dagsetningarstimpill skrifstofunnar á umbúðum tilboðsins, önnur skjalfest aðferð skrifstofunnar er sýnir móttöku, eða munnleg staðfesting eða yfirlýsing starfsmanna skrifstofunnar.

(d) Í því tilviki að neyðaraðstæður eða óvæntir viðburðir hindra eðlileg opinber vinnuferli þannig að tilgreind móttökuskrifa tilboða getur ekki tekið við tilboðum á þeim tíma, sem tilgreindur er í útboðsgögnum (IFB), og ef aðkallandi opinberar aðstæður koma í veg fyrir breytingu á útboðsgögnum (IFB), skal svo talið að tilgreind tímamörk um afhendingu tilboða hafi verið framlengd til sömu klukkustundar og tilgreind er í útboði, en á fyrsta vinnudegi er venjuleg opinber vinnuferli halda áfram.

(e) Heimilt er að afturkalla tilboð með skriflegri tilkynningu hvenær sem er fyrir lokadag móttöku tilboða. Ef heimilt er, skv. útboðsgögnum (IFB), að senda tilboð í bréfsíma, er jafnframt heimilt af afturkalla slík tilboð í bréfsíma og skal tilkynningin hafa borist fyrir lokadag móttöku tilboða, en þó háð þeim skilyrðum sem fram koma í gr. 52.214-31, Tilboð í bréfsíma. Tilboðsgjafa er heimilt að afturkalla tilboð sitt í eigin persónu eða fulltrúi hans, enda sé óumdeilt að viðkomandi aðili, sem afturkallar tilboð og gerir það fyrir lokadag tilboða, hafi til þess umboð og undirriti yfirlýsingu þess efnis við móttöku tilboðsins.

(lok greinar)

52.214-9: Tilboð ekki gert (júl. 1995)

Viðtakendur útboðsgagna þessara, sem bregðast ekki við með tilboðsgerð, þurfa ekki að skila útboðsgögnum nema annað sé tekið fram. Þeir skulu, hinsvegar, tilkynna þeirri skrifstofu, sem sendir útboðsgögnin, bréflega eða á rafrænan hátt, hvort þeir óski að fá útboðsgögn í framtíðinni vegna sambærilegra verka. Geri viðtakandi útboðsgagna ekki tilboð og tilkynnir ekki þeirri skrifstofu, sem útboðsgögnin sendir, að hann óski þess að fá send útboðsgögn í framtíðinni, verður nafn hans tekið af viðkomandi póstlista.

(lok greinar)

52-214-10: Úthlutun samnings - lokað útboð (júl. 1990)

(a) Stjórnvöld meta þau tilboð sem gerð eru á grundvelli þessa útboðs án viðræðna við tilboðsgjafa, og úthluta samningi til þess ábyrga tilboðsgjafa sem gerir tilboð skv. útboði og telst hagkvæmast, þó einungis miðað við verð og þá verðtengdu þætti sem skilgreindir eru annarstaðar í útboðsgögnum.

(b) Stjórnvöldum er heimilt að

(1) taka eða hafna hvaða tilboði sem er,

(2) taka lægsta tilboði, og

(3) líta framhjá minniháttar ágöllum í tilboðum.

(c) Stjórnvöldum er heimilt að taka hvern einstakan þátt eða þætti í tilboði nema tilboðsgjafi skilyrði tilboð sitt. Heimilt er að gera tilboð með lægri magntölum en tilgreint er í útboðsgögnum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Stjórnvöld áskilja sér rétt til þess að úthluta einstökum verkþáttum með lægri magntölum en tilboð gerir ráð fyrir á þeim einingaverðum sem boðin eru, nema tilboðsgjafi taki annað fram í tilboði sínu.

(d) Skrifleg úthlutun eða tilkynning um samþykkt tilboðs sent í pósti eða á annan hátt til þess tilboðsgjafa sem á viðkomandi tilboð innan tilgreinds samþykktartíma tilboðs telst vera bindandi samningur án frekari aðgerða hvors aðila.

(e) Stjórnvöldum er heimilt að hafna tilboðum sem ekki eru í reikningslegu jafnvægi varðandi hvern verkþátt. Tilboð telst ekki vera í reikningslegu jafnvægi ef það miðast við verð sem eru umtalsvert lægri en kostnaður við hluta verks, og verð sem eru ofreiknuð varðandi aðra verkhluta, og ef ástæða er til að efast um að viðkomandi tilboð sé stjórnvöldum fjárhagslega hagkvæmast, jafnvel þótt það sé lágt í mati, eða ef það er í reikingslegu ójafnvægi í þeim mæli að það jafngildi fyrirframgreiðslu.

(lok greinar)

52.214-12: Undirbúningur tilboða (apr. 1984)

(a) Til þess er ætlast að tilboðsgjafar skoði teikningar, skilgreiningar, verkáætlun og öll fyrirmæli. Tilboðsgjafi sem lætur hjá líða að gera ofangreint, gerir það á eigin ábyrgð.

(b) Allir tilboðsgjafar skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í útboði. Tilboðsgjafi skal undirrita tilboð sitt og prenta eða vélrita nafn sitt á verkáætlunina og allar framhaldssíður sem fylltar eru út. Merkja skal útþurrkun eða aðrar breytingar með upphafsstöfum þess aðila sem undirritar viðkomandi tilboð. Fylgjandi tilboðum, sem undirrituð eru af umboðsaðila tilboðsgjafa, skal vera staðfesting á umboði umboðsaðila, nema upplýsingum þar að lútandi hafi áður verið komið til útboðsskrifstofu.

(c) Tilboðsgjafar skulu sýna (1) einingaverð fyrir hvern verkþátt, þ.m.t. nema annað sé tilgreint, umbúðir og vörn, og (2) skulu færa inn útfært magnverð fyrir hverja einingu sem boðin er í dálkinn „Upphæð" (Amount) í verkáætlun. Ef ósamræmi reynist vera milli einingarverðs og útfærðs verðs, skal einingarverð teljast vera hið rétta, en þó háð leiðréttingu á sama hátt og aðrar villur.

(d) Tilboð í birgðir eða aðra þjónustu en tilgreint er verður ekki tekið til greina nema slíkt sé heimilað í útboðsgögnum.

(e) Ef tími er tilgreindur í dögum er hér einnig átt við laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.

(lok greinar)

52.214-14: Staðsetning framkvæmda - lokað útboð (apr. 1985)

(a) Við framkvæmd samnings sem leiðir af útboði þessu, hyggst tilboðsgjafi (__), hyggst tilboðsgjafi ekki (__), (*merkið í viðeigandi reit*) nota eitt eða fleiri athafnasvæði, sem staðsett eru annarsstaðar en heimilisfang tilboðsgjafa eins og fram kemur í tilboði hans.

(b) Merki tilboðsgjafi við reitinn „hyggst" skv. ofangreindri mgr., skal hann veita eftirfarandi upplýsingar:

(lok greinar)

52.214-15: Tímabil fyrir samþykkt tilboða (apr. 1984)

Skv. útboði samþykkir tilboðsgjafi, ef tilboð hans er samþykkt innan _____ almanaksdaga (60 almanaksdagar nema tilboðsgjafi færi inn annað tímabil) frá þeim degi sem tilgreindur er í útboði til samþykktar tilboðum, að útvega sérhvern eða alla verkþætti sem verð er tilgreint fyrir á því verði sem merkt er við fyrir hvern þátt sem afhendast á á tilgreindum tímapunkti/um innan tímaramma verkáætlunar.

52.214-16: Lámarkstímabil fyrir samþykkt tilboða (apr. 1984)

(a) „Tímabil fyrir samþykkt tilboða" eins og hugtakið er notað í þessari grein þýðir sá fjöldi almanaksdaga sem stjórnvöld hafa til þess að ákveða úthlutun verks frá þeim degi sem tilgreindur er í útboðsgögnum um móttöku tilboða.

(b) Þessi grein skal gilda umfram annað sem fram kemur um tímabil fyrir samþykkt tilboða í útboði þessu.

(c) Stjórnvöld þurfa að lágmarki 60 almanaksdaga til að samþykkja tilboð.

(d) Tilboðsgjöfum er heimilt að tilgreina lengra samþykktartímabil en stjórnvöld krefjast á auðu línunni hér að neðan.

Tilboðsgjafi heimilar eftirfarandi samþykktartímabil, _____ almanaksdagar.

(e) Tilboðum, sem tilgreina skemmra samþykktartímabil en stjórnvöld krefjast, verður hafnað.

(f) Tilboðsgjafi samþykkir að framkvæma allt sem hann tekur að sér skv. tilboði, ef tilboð hans er samþykkt skriflega innan

(1) þess samþykktartíma sem tilgreindur er í mgr. (c) þessarar greinar, eða

(2) lengra samþykktartímabils eins og tilgreint er í mgr. (d) þessarar greinar.

(lok greinar)

52.214-18: Tilboðsgerð - bygging (apr. 1984)

(a) Tilboð skulu…

(1) gerð á tilboðseyðublöð sem stjórnvöld láta í té eða á afrit af þeim, og

(2) skulu *undirrituð*. Sá einstaklingur, sem undirritar tilboð, skal setja upphafsstafi sína við hverja útþurrkun eða breytingu sem gerð er á tilboðseyðublöðum.

(b) Heimilt er að krefjast þess á tilboðseyðublöðum að tilboðsgjafar tilgreini verð á einum eða fleiri verkþáttum á mismunandi grundvelli, þ.m.t.

(1) heildarverð tilboðs,

(2) tilboðsverð til vara,

(3) byggingareiningaverð, eða

(4) verð á grundvelli samblands undirmálsgr. (1) til og með (3) hér að ofan.

(c) Ef þess er krafist í útboði að tilboð sé gert í alla verkþætti verður tilboðum hafnað ef þeirri kröfu er eigi mætt. Ef ekki er krafist tilboðs í alla verkþætti skulu tilboðsgjafar setja in orðin „ekki tilboð" (no bid) í þá reiti þar sem tilboðsverð er ekki tilgreint.

(d) Tilboð til vara verða ekki tekin til greina nema útboð þetta heimili framlagningu varatilboða.

(lok greinar)

52.214-19: Úthlutun verks – lokað útboð – bygging (ág. 1996)

(a) Stjórnvöld meta tilboð sem gerð eru skv. útboði þessu án frekari viðræðna við tilboðsgjafa, og úthluta síðan verksamningi viðkomandi tilboðsgjafa sem gerir tilboð í samræmi við útboðið og sem hagstæðast telst stjórnvöldum og er þá einungis miðað við verð og verðtengda þætti eins og fram kemur annars staðar í útboðsgögnum.

(b) Stjórnvöldum er heimilt að hafna einu eða öllum tilboðum, og að líta framhjá minniháttar ágöllum í þeim tilboðum sem gerð eru.

(c) Stjórnvöldum er heimilt að taka tilboði í sérhvern verkþátt eða sambland verkþátta, nema slíkt sé bannað skv. takmörkunum í útboðsgögnum eða tilboðum.

(d) Stjórnvöldum er heimilt að hafna tilboði sem óraunhæfu ef útreikningar standast eigi eða eru rangir milli dálka. Tilboð telst reikningslega óraunhæft ef það byggist á verðum sem eru umtalsvert lægri en kostnaðarútreikningar fyrir viðkomandi verk gefa til kynna, eða ef tilboðsverð eru umtalsvert ofreiknuð í samanburði við kostnaðarútreikninga annarra verkþátta, og ástæða er til að efast um að viðkomandi tilboð sé fjárhagslega hagstæðast stjórnvöldum, jafnvel þótt það sé lágt, eða ef það er reikningslega óraunhæft og rangt, og jafngildi fyrirframgreiðslu.

(lok greinar)

52.214-34: Framlagning tilboða á ensku

Tilboð, sem gerð eru skv. útboði þessu, skulu vera á ensku. Tilboðum, sem gerð eru á öðrum tungumálum, verður hafnað.

(lok greinar)

52.225-14: Ósamræmi milli enskrar útgáfu og þýdds texta samnings (feb. 2000)

Í tilvikum þar sem ósamræmi er í orðalagi samnings þessa og þýðingar á honum á annað tungumál, skal enska útgáfan gilda.

(lok greinar)

52.232-25: Skilvísar greiðslur (jún. 1997)

Án tillits til annarra greina um greiðslur í samningi þessum, greiða stjórnvöld reikninga og samningsgreiðslur skv. þeim skilmálum sem tilgreindir eru í þessari grein. Greiðsla skal talin hafa verið innt af hendi á þeim degi sem dagsetning greiðsluávísunar sýnir eða á þeirri dagsetningu sem fram kemur við rafræna greiðslu. Skilgreiningar á viðeigandi skilmálum eru í kafla 32.902 reglugerðar um opinber innkaup (Federal Acquisition Regulation). Allar dagsetningar, sem vísað er til í þessari grein, eru almanaksdagar nema annað sé tilgreint (sjá, hinsvegar, undirmálsgr. (a)(4) þessarar greinar um greiðslur sem gjaldfalla á laugardögum, sunnudögum og almennum frídögum).

(a) *Reikningsgreiðslur*

(1) *Gjalddagar*.

(i). Að undanskildu því sem tilgreint er í undirmálsgr. (a)(2) og málsgr. (c) þessarar greinar, er gjalddagi reikningsgreiðslna viðkomandi greiðsluskrifstofu hin síðari eftirfarandi tveggja dagsetninga:

(A) 30. dagur eftir að viðkomandi reikningsskrifstofa hefur fengið viðkomandi reikning frá verktaka (nema skv. undirmálsgr. (a)(1)(ii) þessarar greinar).

(B) 30. dagur eftir samþykkt stjórnvalda á afhentum birgðum eða þjónustu á vegum verktaka. Á lokareikningi, þar sem greiðsluupphæð er skv. samningsákvæðum, skal svo litið á að samþykkt hafi átt sér stað á samningslokadegi.

(ii) Ef viðkomandi reikningsskrifstofa gengur ekki frá skýringum á reikningi á móttökudegi hans og á þeim tíma sem hann er móttekinn, skal gjalddagi reiknings vera 30. dagur eftir dagsetningu reiknings verktaka, enda sé reikningurinn réttur og enginn ágreiningur um magn, gæði, eða að verktaki hafi virt samningsskilmála.

(2) *Ákveðin matvæli og aðrar greiðslur*.

(i) Gjalddagar reikninga verktaka vegna kjöts, unninnar kjötvöru eða fisks, landbúnaðarafurða með síðasta neysludag, og mjólkurvara, fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem unnin eru úr fitu og olíu til manneldis skulu vera —

(A) …vegna kjöts og unninna kjötvara, eins og tilgreint er í kafla 2(a)(3) laga um pökkun og geymslu frá 1921 (7 U.S.C. 182(3), og eins og frekar er tilgreint í Pub. L. 98-181, þ.m.t. ferskar eða frystar fuglaafurðir til manneldis, sérhverjar fuglaafurðir með tilgreindan síðasta neysludag, ný egg, og eggjamatvæli með tilgreindan síðasta neysludag, eins nærri en þó eigi síðar en sjö dögum eftir afhendingu.

(B)…vegna fersks eða frysts fisks, eins og tilgreint er í kafla 204(3) í lögum um fisk og sjávarafurðir frá 1986 (16 U.S.C. 4003(3) (Fish and Seafood Promotion Act of 1986), eins nærri en þó eigi síðar en sjö dögum eftir afhendingu.

(C)…vegna landbúnaðarafurða með tilgreindan síðasta neysludag, skv. kafla 1(4) laga um landbúnaðarafurðir með tilgreindan síðasta neysludag, frá 1930 (7 U.S.C. 499a(4) (Perishable Agricultural Commodities Act of 1930), eins nærri en þó eigi síðar en tíu dögum eftir afhendingu, nema önnur dagsetning sé tilgreind í samningi.

(D)…vegna mjólkurafurða, eins og tilgreint er í kafla 111(e) laga um mjólkurafurðir frá 1983 (7 U.S.C. 4502(e) (Dairy Production Stabilization Act of 1983), fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem gerð eru úr fitu og olíu til manneldis, eins nærri en þó eigi síðar en tíu dögum eftir dagsetningu móttöku rétts reiknings. Mjólk, ostur, vissar tegundir af unnum ostavörum, smjör, jógúrt, rjómaís, majónes, salatsósa, og aðrar sambærilegar vörur er falla undir þessa skilgreiningu. Ekkert í lögunum takmarkar þessa flokkun við kælivörur. Komi upp spurningar varðandi rétta flokkun tilgreindrar vöru, skal fylgja viðhöfðum starfsvenjum í viðkomandi iðngrein þegar skilgreina á gjalddaga samningsgreiðslna. Sönnunarbyrði varðandi flokkun tilgreindra vara er reyndar á herðum verktaka skv. viðhöfðum starfsvenjum í viðkomandi iðngrein.

(ii) Ef samningur ber ekki í sér ákvæði um framlagningu reiknings til greiðslu (t.d. tímabundnar leigugreiðslur), skal gjalddagi vera sú dagsetning sem tilgreind er í samningi.

(3) *Reikningur verktaka*. Verktaki skal undirbúa og leggja fram reikninga hjá reikningsskrifstofu, eins og tilgreint er í samningi. Réttur reikningur skal tilgreina reikningsþætti þá sem nefndir eru í undirmálsgr. frá og með (a)(3)(i) til og með (a)(3)(viii) þessarar greinar. Reikningur, sem ekki er í samræmi við kröfur þessar, verður endursendur innan sjö daga frá því að reikningsskrifstofa móttekur hann (innan þriggja daga vegna kjöts, unninnar kjötvöru eða fisks, innan fimm daga vegna landbúnaðarafurða með síðasta neysludag, fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem unnin eru úr fitu og olíu til manneldis), með skýringum á því hvers vegna viðkomandi reikningur er ekki réttur. Tekið skal tillit til ótímabærra tilkynninga fyrrgreinds varðandi vaxtagreiðslur til verktaka skv. skilgreiningum í undirmálsgr. (a)(5) þessarar greinar.

(i) Nafn og heimilisfang verktaka.

(ii) Dagsetning reiknings. (Verktakar eru hvattir til þess að dagsetja reikninga sína eins nærri útsendingardegi og mögulegt er).

(iii) Samningsnúmer og aðrar heimildir varðandi afhentar birgðir eða þjónustu sem veitt er (þ.m.t. pöntunarnúmer eða samningsvörunúmer).

(iv) Lýsing, magn, stærðareiningar, einingarverð, og útfært verð á afhentum birgðum eða þjónustu sem veitt er.

(v) Flutningur og greiðslukjör (t.d. flutningsnúmer og dagsetning flutnings, skilmálar um afslátt vegna fljótrar greiðslu). Farmskírteinisnúmer og þyngd vöru komi fram vegna flutnings á farmskírteini stjórnvalda).

(vi) Nafn og heimilisfang verktaka (skrifstofu) vegna sendingar greiðslna (verður að vera það sama og í verksamningi eða á viðeigandi verkúthlutunarskjali).

(vii) Nafn (þar sem við á), starfsheiti, símanúmer og heimilisfang þess aðila sem tilkynning skal send ef rangur reikningur berst.

(viii) Aðrar upplýsingar eða gögn sem tilgreind eru í samningi (t.d. staðfestingar á sendingum).

(ix) Þótt slíks sé ekki krafist, er verktaki eindregið hvattur til þess að tilgreina kennitölu á hverjum reikningi.

(4) *Dráttarvextir:* Dráttarvextir skulu reiknast sjálfkrafa á viðeigandi skrifstofu, án kröfu þar um frá verktaka, ef greiðsla er ekki innt af hendi á gjalddaga og ef skilmálar í neðangreindum málsgr. (a)(4)(i) til og með (a)(4)(iii) þessarar greinar eru uppfylltir, ef við á. Falli gjalddagi, hins vegar, á laugardag, sunnudag, eða almennan frídag, þegar opinberar skrifstofur eru lokaðar og ekki hægt að gera ráð fyrir að opinber viðskipti eigi sér stað, skal greiðsla innt af hendi á fyrsta vinnudegi þar á eftir án þess að á hana falli dráttarvextir:

(i) Viðkomandi reikningsskrifstofa hafi móttekið réttan reikning.

(ii) Móttökugreinargerð eða önnur opinber gögn, sem heimila greiðslu, hafi verið útbúin, og að ekki er ágreiningur um magn, gæði eða að verktaki hafi staðið við samningsskilmála.

(iii) Þegar um er að ræða lokareikning vegna eftirstöðva sem gjaldfallnar eru til handa verktaka vegna afhentra birgða eða veittrar þjónustu, og upphæðin ekki háð óútkljáðu frekara samningsuppgjöri milli stjórnvalda og verktaka.

(5) *Útreikningur dráttarvaxta*. Dráttarvextir skulu vera skv. ákvörðun fjármálaráðherra Bandaríkjanna, skv. 12. kafla laga um samningságreining frá 1978 (41 U.S.C. 611)(Contract Disputes Act) og sem eiga við fyrsta dag eftir gjalddaga, nema í tilvikum þar sem dráttarvextir eru skilgreindir af annarri opinberri stofnun (t.d. vaxtaskrár). Vísað er til þess vaxtastigs sem „Endurumsemjanlegir vextir" (Renegotiation Board Interest Rate" og er tilkynnt í Federal Register á hálfsársfresti, þ.e. í kringum 1. janúar og 1. júlí. Dráttarvextir skulu vera dagvextir á höfuðstól reikningsupphæðar sem stjórnvöld hafa samþykkt þar til greiðsla samþykkts höfuðstóls er innt af hendi, og verða

reiknaðir út á 30 daga fresti að meðtöldum fyrsta degi eftir gjalddaga til og með greiðsludags, þ.e. vöxtum, sem safnast hafa upp við lok hvers 30 daga tímabils, verður bætt við samþykktan reikningshöfuðstól, og verða þá reiknaðir dráttarvextir ef greiðsla er ekki gerð á næsta 30 daga tímabili. Ef viðkomandi reikningsskrifstofa tilkynnir ekki verktaka um rangan reikning innan þess tímabils, sem lýst er í undirgr. (a)(3) þessarar greinar, verður gjalddagi leiðrétts reiknings aðlagaður þannig að dreginn verður frá sá dagafjöldi sem er umfram tilgreint tilkynningartímabil um rangan reikning. Dráttarvextir, sem verktaka eru skuldaðir, byggjast á slíkri aðlagaðri dagsetningu. Viðkomandi greiðsluskrifstofa framkvæmir slíka aðlögun vegna villna í útreikningi dráttarvaxta.

(i) Vegna útreikninga dráttarvaxta, sem verktaki kann að eiga rétt á, skal litið svo á að stjórnvöld hafi samþykkt viðkomandi verk á sjöunda degi (nema annað sé tekið fram í samningi þessum) eftir að verktaki afhendir birgðir eða hefur veitt þjónustu skv. kjörum og skilmálum samningsins, nema ágreiningur sé um magn, gæði, eða hvort verktaki hafi staðið við ákvæði samnings. Í því tilviki að samþykkt eigi sér stað innan tilgreinds samþykktartímabils skal ákvörðun um dráttarvexti byggjast á þeim degi sem samþykki er veitt. Krafan um samþykkt skal hins vegar ekki knýja fulltrúa stjórnvalda til þess að samþykkja birgðir eða þjónustu, grípa til framkvæmdalegra ráðstafana, eða inna greiðslu af hendi áður en þeir sinna ofangreindum skyldum sínum.

(ii) Eftirfarandi tímabil verða ekki talin með við ákvörðun dráttarvaxta:

(A) Sá tími sem notaður er til þess að tilkynna verktaka um villur í reikningum sem sendir eru stjórnvöldum, en þó eigi lengur en í sjö daga (þrjá daga ef um er að ræða kjöt, unnar kjötvörur eða fisk, fimm daga vegna landbúnaðarvara með tilgreindan síðasta neysludag, mjólkurvörur, fitu eða olíu til manneldis, og matvæli sem unnin eru úr fitu eða olíu til manneldis).

(B) Tímabilið milli tilkynningar um rangan reikning og nýs reiknings sem verktaki sendir.

(C) Þegar veita skal upplýsingar um rangar rafrænar greiðslur, skv. EFT málsgrein samnings þessa.

(iii) Dráttarvextir halda ekki áfram að safnast upp eftir að krafa er gerð um dráttarvexti skv. gr. 52.233-1, Ágreiningur, eða lengur en í eitt ár. Ekki skal greiða dráttarvexti sem eru lægri en $1.

(iv) Ekki er gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta vegna seinkunnar greiðslu vegna ágreinings milli stjórnvalda og verktaka um upphæð greiðslu eða varðandi þætti er lúta að því hvort samningsákvæði hafa verið virt, eða vegna upphæða, sem haldið er eftir til bráðabirgða, eða þeim haldið eftir á grundvelli skilmála samningsins. Kröfur, sem ágreiningur stendur um, og sérhverjir greiðanlegir vextir, skulu afgreiddar skv. gr. 52.233-1, Ágreiningur.

(6) *Afsláttur vegna skilvísrar greiðslu.* Viðkomandi greiðsluskrifstofa skal greiða dráttarvexti sjálfkrafa, án þess að verktaki geri þar kröfu um, ef útreikningur afsláttar vegna skilvísrar greiðslu er rangur. Reikna skal dráttarvexti út skv. undirmálsgr. (a)(5) þessarar greinar á afsláttarupphæðina frá fyrsta degi að afloknu afsláttartímabili til þess dags er verktaka er greitt.

(7) *Viðbótardráttarvextir)*.

(i) Greiða skal viðbótardráttarvexti við dráttarvexti, sem reiknaðir eru út skv. undirmálsgr. (a)(7)(iii) þessarar greinar, ef verktaka…

(A) …er skuldað dráttarvexti, $1 eða meira,

(B) …eru ekki greiddir dráttarvextir innan tíu daga frá greiðslu reikningsupphæðar, og

(C) …ef verktaki gerir skriflega kröfu á hendur viðkomandi greiðsluskrifstofu um viðbótardráttarvexti, skv. undirmálsgr. (a)(7)(ii) þessarar greinar, og ef slík krafa er póstlögð eigi síðar en 40 dögum eftir að reikningsupphæð er greidd.

(ii)(A) Verktakar skulu rökstyðja skriflega kröfur sínar um viðbótardráttarvexti og jafnframt veita upplýsingar eins og að neðan greinir. Ekki er gerð krafa um viðbótarupplýsingar. Verktakar skulu…

(1) …tilgreina sérstaklega að vextir séu vegna seinkunar greiðslu tilgreinds reiknings, og krefjast greiðslu allra gjaldfallinna dráttarvaxta og viðbótardráttarvaxta eins og við á,

(2) …hjáleggja eintak af reikningi þeim sem dráttarvextir reiknast á, og

(3) …tilkynna að greiðsla höfuðstóls hafi verið móttekin, þ.m.t. hvenær hún var móttekin.

(B) Póstleggja skal kröfur innan 40 daga frá því er greiðsla reiknings var innt af hendi, nema þegar…

(1) …póstáritun er ólæsileg eða ekki fyrir hendi, og skal krafan hafa verið móttekin og skýrð innan 40 daga frá því er greiðsla var innt af hendi, eða

(2) …ef póstáritun er ólæsileg eða ekki fyrir hendi, og viðkomandi greiðsluskrifstofa hefur ekki sinnt skyldum sínum um skýringar, sem krafa er gerð um, og skal krafan taka gildi frá og með þeim degi er verktaki leggur fram kröfu sína, enda sé dagsetning hennar innan 40 daga frá því er greiðsla var innt af hendi.

(iii)(A) Viðbótardráttarvextir skulu vera jafnt og 100 af hundraði sérhverra dráttarvaxta vegna seinkunar greiðslu, nema skv. neðangreindu:

(1) Viðbótardráttarvextir skulu eigi vera hærri en $5.000,

(2) Viðbótardráttarvextir skulu eigi vera lægri en $25, og

(3) Ekki skal greiða viðbótardráttarvexti ef upphæð grundvallardráttarvaxta er lægri en $1.

(B) Hætti dráttarvextir að safnast upp skv. þeim takmörkunum, sem tilgreindar eru í undirmálsgr. (a)(5)(iii) þessarar greinar, skal upphæð viðbótardráttarvaxta reiknuð miðað við þá upphæð dráttarvaxta sem hefðu safnast upp ef ofangreind takmörk væru ekki fyrir hendi, enda sé þá miðað við heildartakmörk þau um viðbótardráttarvexti sem tilgreind eru í undirmálsgr. (a)(7)(iii) þessarar greinar.

(C) Við ákvörðun hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvaxta skal miða við gjaldfallna dráttarvexti hverrar einstakrar greiðslu í hverjum samningi um sig. Ekki skal miða hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvexti við einstaka reikninga nema þegar reikningarnir eru greiddir sér. Þegar greiðslur eru sameinaðar af hagkvæmniástæðum, skal ákveða hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvexti sér fyrir hvern samning sem gerður er skv. þessum samningi.

(D) Viðbótardráttarvextir eiga ekki við um greiðslur sem falla undir reglugerðir stjórnvalda (t.d. greiðslur skv. veitusamningum þar sem um er að ræða verðskrár og reglugerðir).

(b) *Greiðsla samningsfjármögnunar—*

(1) *Gjalddagar endurtekinna fjármögnunargreiðslna.* Ef samningur þessi gerir ráð fyrir samningsfjármögnun, skal senda viðeigandi greiðsluskrifstofu beiðni um greiðslur skv. ákvæðum samnings þessa eða tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Greiðslur samningsfjármögnunar skulu inntar af hendi XX dögum (*setjið inn þá dagsetningu sem yfirmaður viðkomandi stofnunar tilgreinir, en ef ótilgreint, þá 30. dagur*) eftir móttöku viðeigandi samningsfjármögnunarbeiðni frá viðkomandi reikingsskrifstofu. Sé farið fram á endurskoðun eða aðra skoðun tilgreindrar fjármögnunarbeiðni, skv. ósk þar um til þess að ganga úr skugga um að kjör og skilmálar samnings séu virtir, er viðkomandi greiðsluskrifstofa ekki skuldbundin til þess að inna greiðslu af hendi á tilgreindum gjalddaga.

(2) *Gjalddagar annarrar samningsfjármögnunar*. Fyrirframgreiðslur, lán eða annað fyrirkomulag, sem tekur ekki til endurtekinna greiðslna samningsfjármögnunarbeiðna, skal inna af hendi skv. viðeigandi samningsskilmálum eða skv. tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(3) *Dráttarvextir óheimilir.* Dráttarvextir reiknast ekki vegna seinkunnar greiðslu samningsfjármögnunar.

(c) *Ferli og gjalddagar skilvísrar greiðslu*. Ef í samningi þessum er ákvæði skv. 52.213-1, Ferli fljótrar greiðslu, verða greiðslur inntar af hendi innan 15 daga frá móttöku reiknings.

(lok greinar)

<u>52.233-1. Ágreiningur (des. 1998)</u>

(a) Samningur þessi fellur undir lög um samningságreining frá 1978 (the Contract Disputes Act of 1978), með áorðnum breytingum (41 U.S.C.601-613).

(b) Að undanskildum ákvæðum laganna, skal leysa allan ágreining, sem upp kann að koma vegna samnings þessa, skv. þessari grein.

(c) „Krafa", eins og hugtakið er túlkað í þessari grein, þýðir skrifleg krafa eða skrifleg staðhæfing annars hvors samningsaðila sem óskar, á grundvelli réttar síns, peningagreiðslu skv. aðlögun eða túlkun samningsákvæða, eða annarra úrlausna vegna eða í tengslum við samning þennan. Krafa, sem gerð er á grundvelli samnings, að öðru leyti en krafa sem tengist samningnum, er krafa sem leysa má skv. samningsákvæði er gerir ráð fyrir úrlausn þeirri sem

kröfuhafi óskar. Hins vegar, telst skrifleg krafa eða staðhæfing verktaka, sem krefst peningagreiðslu sem er hærri en $100.000, ekki krafa í skilningi laganna fyrr en staðfesting hefur fengist skv. undirmálsgr. (d)(2) þessarar greinar. Úttektarmiði, reikningur eða önnur venjuleg ósk um greiðslu, sem ekki er ágreiningur um þegar fram er lögð, telst ekki krafa í skilningi laganna. Ef um ágreining er að ræða varðandi ábyrgð eða upphæð, eða ef ekki er brugðist við innan sanngjarns tíma, má breyta framlagningu í kröfu skv. skilningi laganna ef farið er að ákvæðum þessarar greinar um framlagningu og staðfestingu.

(d)(1) Krafa frá verktaka skal vera skrifleg og, nema annað sé tilgreint í samningi þessum, gerð innan sex ára eftir að til hennar er stofnað og óskað er skriflegrar ákvörðunar yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Krafa frá stjórnvöldum á hendur verktaka skal háð skriflegri ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(2)(i) Verktaki skal leggja fram vottaða yfirlýsingu skv. gr. (d)(2)(iii) þessarar greinar þegar hann gerir kröfu sem er hærri en $100.000.

(ii) Krafa um vottaða yfirlýsingu á ekki við um mál, sem hafin eru yfir allan vafa, og hafa ekki verið lögð fram sem heild eða hluti kröfu.

(iii) Eftirfarandi skal koma fram í vottaðri yfirlýsingu: „Ég staðfesti að krafan er gerð eftir bestu vitund, að röksemdir séu réttar og fullnægjandi að því er ég best veit og trúi, að upphæðin, sem fram á er farið endurspeglar samningsaðlögun þá sem verktaki telur stjórnvöld bera ábyrgð á, og að ég hafi umboð til þess að staðfesta kröfu fyrir hönd verktaka".

(3) Vottaða yfirlýsingu skal sá aðili gera sem umboð verktaka hefur til þess að skuldbinda hann varðandi kröfuna.

(e) Í tilvikum um kröfur verktaka að upphæð $100.000 eða lægri, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) taka ákvörðun í málinu innan 60 daga frá því hann móttekur beiðni þar um og skal hún vera skrifleg. Ef um er að ræða staðfestar kröfur verktaka, sem hærri eru en $100.000, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) taka ákvörðun um kröfuna innan 60 daga eða tilkynna verktaka hvaða dag ákvörðun verður tekin.

(f) Ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal vera lokaákvörðun nema verktaki áfrýji eða kæri skv. ákvæðum laganna.

(g) Ef krafa verktaka er lögð fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) eða krafa stjórnvalda er lögð fyrir verktaka, er aðilum heimilt, með gagnkvæmri ákvörðun, að beita öðrum lausnum ágreinings (ADR – alternative dispute resolution). Hafni verktaki tilboði um slíka úrlausn (ADR) skal hann tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar ákvörðun sína skriflega og skal hann tilgreina ástæður höfnunar slíks tilboðs.

(h) Stjórnvöld skulu greiða vexti á þá upphæð sem ákveðið er að sé gjaldfallin frá (1) þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekur kröfuna (vottuð yfirlýsing sé hennar óskað), eða (2) frá þeim degi er greiðsla gjaldfelli að öðru leyti, ef sú dagsetning er síðar, og þar til greiðsla er innt af hendi. Í tilvikum um galla í vottaðri yfirlýsingu, skv. skilgreiningum í FAR 33.201, skal greiða vexti frá þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fær upphaflega kröfu. Greiða skal einfalda vexti á kröfur skv. vaxtastigi sem fjármálaráðherra Bandaríkjanna ákveður skv. ákvæðum laganna og eiga við um það tímabil er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekur kröfuna, og síðan vextir eins og við á á hverju sex mánaða tímabili skv. ákvörðun fjármálaráðherra á kröfutímabilinu.

(i) Verktaki skal framkvæma kröfugerð sína að öllu leyti í samræmi við samning þennan varðandi væntanlega úrlausn mála, krafna, áfrýjun, eða aðgerðir skv. samningi þessum, og skal virða sérhverja ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(lok greinar)

<u>52.236-2: Mismunandi aðstæður á vinnusvæði (apr. 1984)</u>

(a) Verktaki skal strax og áður en hreyft er við aðstæðum á vinnusvæði, tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) skriflega um

(1) jarðvegsaðstæður á vinnusvæði ef þær eru umtalsvert öðruvísi en fram kemur í verksamningi, eða

(2) ef aðstæður á vinnusvæði eru óvenjulegur og umtalsvert öðruvísi en að jafnaði og almennt gerist vegna verks eins og þess sem verksamningur tekur til.

(b) Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal kanna aðstæður strax eftir að hafa fengið tilkynninguna. Ef aðstæður reynast vera umtalsvert öðruvísi og leiða til aukningar eða minnkunar kostnaðar verktaka,

eða vinnutíma við framkvæmd einhvers verkþáttar skv. samningi þessum, án tillits til breytinga vegna slíkra aðstæðna, skal gera sanngjarna aðlögun skv. málsgr. þessari og breyta skal samningi skriflega í samræmi við það.

(c) Ekki er heimilt að gera neina sanngjarna aðlögun á samningi skv. málsgr. þessari og skv. beiðni verktaka þar um nema að fenginni skriflegri tilkynningu frá honum eins og krafist er, *enda* er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að framlengja þann tíma sem tilgreindur er í málsgr. (a) þessarar greinar um afhendingu slíkrar tilkynningar.

(d) Ekki er heimilt að gera neina sanngjarna aðlögun á samningi vegna mismunandi aðstæðna á vinnusvæði ef krafa þar um er gerð eftir að lokagreiðsla skv. samningi þessum hefur verið innt af hendi.

(lok greinar)

52.236-3: Skoðun á vinnsvæði og aðstæðum er hafa áhrif á vinnuna

(a) Verktaki staðfestir að hann hefur gert það sem sanngjarnt getur talist til að fullvissa sig um náttúrufræðilegar aðstæður og staðsetningu verks, og að hann hefur kannað og fullvissað sig um almennar og svæðisbundnar aðstæður sem geta haft áhrif á vinnuna eða verkkostnað, þ.m.t. en takmarkast ekki við (1) aðstæður varðandi flutning, frágang, meðferð og geymslu efna, (2) framboð vinnuafls, vatns, rafmagns, og vegasamgangna, (3) óvissuþætti vegna veðurfars, árstrauma, sjávarfalla, eða slíkar náttúrulegar aðstæður á vinnusvæðinu, (4) jarðvegsaðstæður, og (5) gerð búnaðar og aðstöðu sem þörf er til þess að framkvæma verkið. Verktaki staðfestir jafnframt að hann hefur kynnt sér til fullnustu einkenni, gæði og magn yfirborðs og jarðvegsefna eða hindrana sem reikna má með í þeim mæli sem unnt er að fullvissa sig um fyrrgreint á grundvelli skoðunar á vinnusvæði, þ.m.t. öll rannsóknastarfsemi á vegum stjórnvalda, sem og upplýsingar á teikningum og skilgreiningum samnings þessa. Verktaki, sem lætur hjá líða að grípa til þeirra aðgerða sem hér lýst og staðfest eru í grein þessari, er ekki laus undan þeirri ábyrgð að gera rétt mat á vandkvæðum og kostnaði við árangursríka framkvæmd verksins, eða ábyrgð á árangursríkri og áframhaldandi framkvæmd vinnunnar án viðbótarkostnaðar fyrir stjórnvöld.

(b) Stjórnvöld axla enga ábyrgð á niðurstöðum eða túlkun verktaka á grundvelli upplýsinga sem þau láta í té. Þá axla stjórnvöld enga ábyrgð á neinum skilningi sem komist er að eða túlkun á aðstæðum, sem geta haft áhrif á verkið, er leiðir af nokkru því sem fulltrúar stjórnvalda segja fyrir framkvæmd samnings þessa, nema að slíkur skilningur eða túlkun sé sérstaklega tekin fram í samningi þessum.

(lok greinar)

52.236.5: Efni og fagmannleg vinnubrögð (apr. 1984)

(a) Allur búnaður, efni og efnisþættir sem nota skal við framkvæmd verks skv. samningi þessum skulu vera nýir og til þeirra nota sem til er ætlast, nema annað sé sérstaklega tekið fram í samningi þessum. Tilvísanir til skilgreininga á búnaði, efni og efnisþátta, eða einkaleyfðra vinnuferla eftir viðskiptaheitum, tegund, eða verðskrárnúmeri skulu teljast staðfesting á stöðluðum gæðum og eigi skal svo á litið að um samkeppnishamlanir sé að ræða. Verktaka er heimilt, skv. eigin mati, að nota hvern þann búnað, efni, efnisþætti eða vinnuferli sem að mati yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) eru jafngóð þeim sem tilgreind eru í skilgreiningum samnings þessa.

(b) Verktaki skal leita samþykkis yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) á tækjum og vélbúnaði, og öðrum búnaði sem nota á við verkið. Þegar verktaki óskar eftir slíku samþykki skal hann upplýsa yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) um nafn framleiðanda, tegundarnúmer og láta á té aðrar upplýsingar varðandi virkni, getu, eðli og flokkun viðkomandi tækja og vélbúnaðar, og annars búnaðar. Verktaki skal jafnframt og þegar þess er krafist skv. samningi þessum eða af yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), einnig afla samþykkis yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) á efnum eða efnisþáttum sem verktaki hyggst nota vegna verksins. Þegar verktaki óskar slíks samþykkis skal hann veita nákvæmar upplýsingar varðandi efnin eða efnisþættina. Þegar verktaki fær fyrirmæli þar að lútandi, skal hann útvega sýnishorn til samþykktar á eigin kostnað, og skal allur flutningskostnaður greiddur fyrirfram. Vélbúnaður, tæki, efni og efnisþættir, sem ekki hafa hlotið samþykki eins og krafist er, eru notaðir eða settir upp með þeim fyrirvara að þeim kunni að verða hafnað.

(c) Öll vinna skv. samningi þessum skal vera vönduð og fagmannleg. Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt að óska þess skriflega að verktaki fjarlægi af vinnusvæðinu hvern þann starfsmann sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) telur óhæfan, kærulausan eða óásættanlegan á annan hátt.

(lok greinar)

52.236.8: Aðrir samningar (apr. 1984)

Stjórnvöldum er heimilt skuldbinda sig með öðrum samningum eða úthluta samningum vegna aukavinnu á eða við vinnusvæðið skv. samningi þessum. Verktaki skal viðhafa fullt samstarf við aðra verktaka og starfsmenn stjórnvalda. Hann skal aðlaga vinnuáætlanir og framkvæmd verks skv. samningi þessum, og fara að öllu leyti eftir tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) þar að lútandi. Verktaki skal eigi skuldbinda sig á nokkurn hátt eða heimila neina þá aðgerð er truflar framkvæmdir annarra verktaka eða starfsmanna stjórnvalda.

(lok greinar)

52.236-9: Vernd gróðurs, mannvirkja, búnaðar, veitna og úrbætur (apr. 1984)

(a) Verktaki skal vernda öll mannvirki, búnað og gróður (t.d. tré, runna og graslendi) á og við vinnusvæðið sem ekki á að fjarlægja og sem truflar ekki vinnu skv. samningi þessum. Verktaki skal einungis fjarlægja tré að fenginni heimild, og skal forðast að valda tjóni á gróðri sem ekki á að fjarlægja. Brotni greinar trjáa við verkframkvæmd, vegna kæruleysis í notkun búnaðar eða vegna kæruleysis starfsmanna, skal verktaki snyrta viðkomandi tré og greinar, og skal bera sérstakt efni á greinastubba skv. fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(b) Verktaki skal eigi valda tjóni á neinum núverandi úrbótum sem gerðar hafa verið eða á veitum, (1) á eða við vinnusvæðið, og (2) á aðliggjandi svæðum þriðja aðila, en verktaki verður upplýstur um slík svæði eða ætti að vita um þau. Verktaki skal gera við sérhvert tjón á slíkum mannvirkjum og svæðum, þ.m.t. á eignum þriðja aðila, sem leiðir af því að kröfum samnings þessa hefur ekki verið mætt eða vegna þess að nauðsynlegrar aðgæslu hefur ekki verið gætt við verkframkvæmd. Geri verktaki ekki við eða neitar að framkvæma úrbætur á tjóni án tafar, er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að láta framkvæma viðkomandi úrbætur á kostnað verktaka.

(lok greinar)

52.243.5: Breytingar og breyttir skilmálar (apr. 1984)

(a) Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt að gera skriflegar breytingar á teikningum og skilmálum innan almenns ramma samningsins.

(b) Verktaki skal strax tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) skriflega í tilvikum ef jarðvegur eða duldar aðstæður á vinnusvæði eru öðruvísi en fram kemur í samningi þessum eða ef ekki hefur verið vitað um aðstæður á vinnusvæði áður en framkvæmdir hófust.

(c) Ef breytingar skv. mgr. (a) eða skilmálar skv. mgr. (b) minnka eða auka kostnað, eða verktíma, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarna aðlögun (sjá mgr. (d) að fenginni „tillögu um aðlögun" („tillaga" héreftir) frá verktaka áður en lokagreiðsla á sér stað skv. samningi þessum.

(d) Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal eigi gera sanngjarna aðlögum skv. mgr. (b) nema

(1) verktaki hafi gert og yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekið skriflega tilkynningu, eða

(2) yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fellir niður kröfu um skriflega tilkynningu.

(e) Verði ágreiningur um aðlögun skal fara með hann skv. gr. um ágreining.

52.246-12: Skoðun á framkvæmdum (ág. 1996)

(a) *Skilgreining.* „Verk" tekur til en takmarkast ekki við efni, fagvinnu og framleiðslu, og gerð verkþátta.

(b) Verktaki skal viðhafa fullnægjandi eftirlitskerfi og framkvæma eftirlit eftir þörfum til þess að tryggja að verkframkvæmd skv. samningi þessum sé í samræmi við samningskröfur. Verktaka skal halda nákvæmar eftirlitsskrár og skulu þær vera stjórnvöldum til reiðu. Allar framkvæmdir skulu vera skv. almennum fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) og falla undir kröfur um eftirlit og prófun stjórnvalda í öllum tilvikum og á sanngjörnum tímum áður en verk er samþykkt til þess að tryggja að farið sé að öllu leyti eftir skilmálum samnings þessa.

(c) Eftirlit og prófanir stjórnvalda eru alfarið í þágu stjórnvalda og

(1) losa verktaka eigi undan skyldum um framkvæmd gæðaeftirlits,

(2) losa verktaka eigi undan skyldum varðandi tjón eða tap á efni áður en verk er samþykkt, eða

(3) skal eigi túlka sem samþykkt eða að slíkt sé gefið til kynna, eða

(4) hafa eigi áhrif á áframhaldandi rétt stjórnvalda eftir samþykkt verks skv. mgr. (i) þessarar greinar.

(d) Viðvera eða fjarvera opinbers eftirlitsfulltrúa losar verktaka eigi undan neinum samningskröfum, og jafnframt hefur eftirlitsfulltrúi eigi umboð til þess að breyta neinum kjörum eða skilmálum skilgreininga án skriflegs umboðs yfirmanns verksamningsgerðar.

(e) Verktaki skal svo fljótt sem auðið er leggja til, án hækkunar samningsverðs, alla aðstöðu, vinnuafl og efni sem sanngjarnt getur talist vegna framkvæmdar öruggs og hentugs eftirlits og prófana að kröfu yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Stjórnvöldum er heimilt að innheimta hjá verktaka kostnað sem kann að leiða af því að viðkomandi verk er ekki tilbúið á þeim tíma er verktaki tiltekur vegna eftirlits og prófana, eða þegar athugasemdir hafa verið gerðar við tilgreint verk og nauðsynlegt reynist að framkvæma nýtt eftirlit og prófanir. Stjórnvöld skulu framkvæma eftirlit og prófanir á þann hátt að eigi leiði til óþarfa seinkunnar framkvæmda. Gera skal sérstakar, víðtækar virkniprófanir skv. útlistun í samningi.

(f) Verktaki skal, án kostnaðar fyrir stjórnvöld, endurgera eða laga verk sem stjórnvöld telja að sé ekki í samræmi við samningskröfur, nema stjórnvöld ákveði, vegna almannahagsmuna, að samþykkja verkið með viðeigandi aðlögun samningsverðs. Verktaki skal svo fljótt sem auðið er taka og fjarlægja efni, sem hafnað hefur verið, af vinnusvæði.

(g) Láti verktaki hjá líða að skipta út eða laga verk, sem hafnað hefur verið, er stjórnvöldum heimilt að

(1) skipta út eða laga með samningi eða á annan hátt viðkomandi verk á kostnað verktaka, eða

(2) stöðva framkvæmdir vegna vanefnda verktaka.

(h) Ákveði stjórnvöld áður en verk í heild sinni er samþykkt að skoða þá verkhluta, sem lokið er, með því að fjarlægja þá eða rífa niður, skal verktaki, skv. ósk þar að lútandi, láta í té alla aðstöðu, vinnuafl og efni. Komi í ljós gallar á viðkomandi verkþáttum eða þeir ekki í umtalsverðum mæli í samræmi við kröfur vegna vanefnda verktaka eða undirverktaka hans, skal verktaki bera kostnað vegna eftirlits og fullnægjandi endurgerðar verkþátta. Komi hins vegar í ljós að verkþættir séu í samræmi við samningskröfur skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarna aðlögun vegna aukaþjónustu sem leiðir af eftirliti og endurgerð, þ.m.t. framlengingu verktíma ef seinkun verður á verklokum vegna þessa.

(i) Stjórnvöld skulu, nema annað sé tilgreint í samningi, samþykkja svo fljótt sem auðið og hagkvæmt er eftir verklok og skoðun allt verkið skv. samningskröfum eða þann verkhluta sem yfirmaður verksamningsgerðar ákveður að unnt sé að samþykkja sér. Samþykkt skal vera lokasamþykkt nema varðandi dulda galla, sviksamlegt athæfi, umtalsverð mistök sem nálgast það að vera svik, eða varðandi rétt stjórnvalda um ábyrgðir.

(lok greinar)

<u>52.246-21: Ábyrgð á framkvæmdum (mar. 1994), Alt I (apr. 1984)</u>

(a) Verktaki ábyrgist, til viðbótar öðrum ábyrgðarskilmálum samnings þessa, að undanskildum skilmálum mgr. (1) þessarar greinar, að allt verk, sem framkvæmt er skv. samningi þessum, sé í samræmi við samningskröfur og eigi sé að finna neina vankanta á búnaði, efni eða hönnun, eða á vinnubrögðum verktaka, undirverktaka eða birgja á neinu stigi.

(b) Ábyrgð þessi er í gildi í eitt (1) ár frá dagsetningu lokasamþykktar verksins. Taki stjórnvöld við einhverjum verkþætti fyrir lokasamþykkt, er ábyrgð þessi í gildi í eitt (1) ár frá þeim degi er stjórnvöld taka við viðkomandi verkþætti.

(c) Verktaki skal laga á sinn kostnað hvert tilvik þar sem samningskröfum hefur eigi verið mætt eða ef um verkgalla er að ræða. Þá skal verktaki bæta á sinn kostnað sérhvert tjón sem orðið hefur á eigum stjórnvalda eða mannvirkjum sem eru undir stjórn þeirra, þegar viðkomandi tjón er afleiðing

(1) þess að verktaki hafi eigi mætt samningskröfum, eða

(2) vegna ágalla á búnaði, efni, vinnubrögðum eða hönnun.

(d) Verktaki skal koma í samt lag sérhverju tjóni á verki við framkvæmd krafna og skilmála þessarar mgr. Ábyrgð verktaka á viðgerðum eða útskiptingu skal vera í eitt (1) ár frá viðgerðar- eða útskiptadegi.

(e) Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal tilkynna verktaka skriflega og innan sanngjarns tíma ef í ljós kemur vanræksla, ágallar eða tjón.

(f) Láti verktaki hjá líða að framkvæma úrbætur á vanrækslu, ágalla eða tjóni innan sanngjarns tíma frá móttöku tilkynningar þar að lútandi, er stjórnvöldum heimilt að skipta út, gera við eða á annan hátt að bæta úr vanrækslu, ágöllum eða tjóni á kostnað verktaka.

(g) Með tilvísun til ábyrgða, yfirlýstra eða gefnum í skyn, undirverktaka, framleiðenda eða þeirra sem leggja til vinnu eða efni skv. samningi þessum, skal verktaki

(1) afla allra ábyrgða sem venjulega eiga við um slíkar framkvæmdir,

(2) krefjast skriflega framkvæmdar allra ábyrgða f.h. stjórnvalda, fari yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fram á slíkt, og

(3) framfylgja öllum ábyrgðarákvæðum f.h. stjórnvalda, fari yfirmaður verksamningsgerðar fram á slíkt.

(h) Hafi ábyrgð verktaka skv. mgr. (b) þessarar greinar runnið út, er stjórnvöldum heimilt að hefja málsókn á eigin kostnað til þess að hrinda í framkvæmd ábyrgðum undirverktaka, framleiðenda og birgja.

(i) Verktaki skal eigi, nema ágalli sé afleiðing vanrækslu verktaka, undirverktaka eða birgja á hverju verkstigi, vera ábyrgur fyrir úrbótum ágalla á efni eða hönnun af hendi stjórnvalda eða fyrir viðgerð á tjóni sem leiðir af ágöllum í efni eða hönnun stjórnvalda.

(j) Ábyrgð þessi takmarkar eigi rétt stjórnvalda skv. skoðunar- og samþykktargrein (Inspection and acceptance clause) samnings þessa varðandi dulda ágalla, umtalsverðra mistaka, eða svika.

(lok greinar)

52.249-1: Uppsögn samnings vegna hagsmuna stjórnvalda (fast verð)(SHORT FORM) (apr. 1984)

Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt, með skriflegri tilkynningu, að segja upp samningi þessum að öllu leyti eða að hluta þegar slíkt þjónar hagsmunum stjórnvalda. Í því tilviki að samningi þessum sé sagt upp skal réttur, skyldur og skuldbindingar samningsaðila, þ.m.t. bætur til verktaka, vera skv. 49. kafla reglugerðarinnar Federal Acquisition Regulation sem í gildi er á dagsetningu samnings þessa.

(lok greinar)

52.249-10: Vanefndir (fast verð – verkframkvæmdir) (apr. 1984)

(a) Neiti verktaki eða láti hjá líða að framkvæma verk eða hluta verks af þeirri kostgæfni er tryggi verklok innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi þessum, þ.m.t. framlenging, eða lætur hjá líða að ljúki verkinu innan slíkra tímamarka, er stjórnvöldum heimilt með skriflegri tilkynningu til verktaka að binda endi á rétt hans til að halda verki áfram (eða hluta þess) sem seinkað hefur. Komi til þessa er stjórnvöldum heimilt að taka yfir verkið og ljúka því með samningi eða á annan hátt, og heimilt að taka yfir og nota hvert efni, búnað og verkaðstöðu á vinnusvæðinu sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu. Verktaki og tryggingarfélög hans skulu vera bótaskyld fyrir hverju tjóni sem stjórnvöld verða fyrir vegna neitunar verktaka eða hann láti hjá líða að ljúka verkinu innan tilgreinds tímaramma, án tillits til þess hvort bundinn sé endir á rétt hans til að ljúka verkinu. Bótaskylda þessi tekur m.a. til hvers kostnaðarauka stjórnvalda til þess að ljúka verkinu.

(b) Réttur verktaka til þess að halda verki áfram skal eigi stöðvaður eða skaðabætur innheimtar hjá honum skv. mgr. þessari ef

(1) seinkun á verklokum er af ófyrirsjáanlegum ástæðum sem eru utan áhrifasviðs verktaka, og honum verður eigi um kennt vegna vanrækslu. Dæmi um slíkar ástæður eru m.a. …

(i) náttúruhamfarir eða aðgerðir óvina almennings,

(ii) aðgerðir stjórnvalda í skjóli valds þeirra eða samningslega,

(iii) aðgerðir annars verktaka við framkvæmd samnings við stjórnvöld,

(iv) eldsvoði,

(v) flóð,

(vi) sjúkdómafaraldrar,

(vii) hamlanir vegna einangrunar,

(viii) verkföll,

(ix) flutningsbönn,

(x) óvenjuslæmt veður, eða

(xi) seinkun undirverktaka eða birgja á einhverju verkstigi af ófyrirsjáanlegum ástæðum utan áhrifasviðs og verktaka, undirverktaka og birgjum verður eigu um kennt, og

(2) verktaki tilkynnir yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) skriflega um ástæður seinkunnar innan tíu daga frá upphafi hennar (nema yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) framlengi henni). Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal staðreyna ástæður og umfang seinkunnar. Telji yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) að niðurstöður athugunar á sástæðum réttlæti slíka aðgerð skal hann framlengja verklokatíma. Niðurstöður athugunar yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) skulu vera lokaniðurstöður og bindandi fyrir samningsaðila, en heimilt er þó að áfrýja þeim skv. gr. um ágreining (Disputes clause).

(c) Ef ákveðið er, eftir að réttur verktaka til þess að halda verki áfram hefur verið stöðvaður, að eigi hafi verið um vanefndir að ræða af hans hálfu eða að réttlætanlegar ástæður séu fyrir seinkun, skal réttur og skyldur samningsaðila vera þær sömu og ef fyirmæli um verkstöðvun hafi verið gefin vegna hagsmuna stjórnvalda.

(d) Réttur og úrbætur stjórnvalda skv. þessari mgr. eru viðbætur við sérhvern annan rétt og úrbætur sem lög og samningur þessi gerir ráð fyrir.

(lok greinar)

III Verktaki skal virða eftirfarandi FAR reglur nema aðstæður eigi ekki við:
A Eftirfarandi mgr. hrindir í framkvæmd ákvæðum laga eða stórnvaldsfyrirmælum

52.211-15: Varnarforgangur og úthlutunarkröfur (sept. 1990) (15 U.S.C. 700)

Þetta er flokkuð pöntun til varnarnota og verktaka skal virða allar kröfur reglugerðar um varnarforgang og úthlutunarkerfi (Defense Priorities and Allocation System regulation (15 CFR 700).

(lok greinar)

B Eftirfarandi eru mgr. sem kunna að eiga við:

52.228-1: Ábyrgð á tilboði (sept. 1996

(a) Tilboði, þar sem tilboðsgjafi leggur eigi fram ábyrgð fyrir tilboði sínu á viðeigandi eyðublaði og upphæð innan þess tíma er tilboð verða opnuð, kann að verða hafnað.

(b) Tilboðsgjafi skal leggja fram ábyrgð á tilboði sínu og skal hún vera bindandi, þ.e. skuldabréf með fullnægjandi og góðum tryggingum sem stjórnvöld samþykkja, póstávísun, ávísun, bankaávísun, óafturkræft ábyrgðarbréf, eða skv. reglum bandaríska fjármálaráðuneytisins, ákveðin opinber bandarísk skuldabréf eða yfirlýsingar. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skilar tilboðsábyrgðum öðrum en tilboðsskuldabréfum ….

(1) ef tilboðum er ekki tekið, svo fljótt sem auðið er eftir opnun tilboða, og

(2) ef tilboði er tekið, við gerð verksamnings og viðeigandi ábyrgða (þ.m.t. samningar um tryggingar og endurtryggingar) skv. kröfum við samþykkt tilboðs.

(c) Upphæð tilboðsábyrgðar skal vera 20 af hundraði af tilboðsverði eða $_____, hvort heldur er lægra.

(d) Ef tilboðsgjafi, sem fær viðkomandi verk og við samþykkt stjórnvalda á tilboðinu innan tilgreinds samþykktartíma, lætur hjá líða að fullnægja öllum samningskröfum eða að leggja fram viðkomandi ábyrgðarbréf innan

tíu daga frá því hann gerir tilboð sitt, er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að segja upp samningi á grundvelli vanefnda.

(e) Ef samningi er sagt upp á grundvelli vanefnda, skal tilboðsgjafi bera ábyrgð á öllum kostnaði vegna verköflunar sem er umfram tilboðsverð og skal tilboðsábyrgð vera fyrir hendi er tekur til slíks munar.

(lok greinar)

52.211-12: Uppgert tjón – byggingaframkvæmdir (sept. 2000)

(a) Ljúki verktaki eigi verki innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi, skal verktaki greiða stjórnvöldum skaðabætur sem nema XXXX fyrir hvern almanaksdag þar til verki er lokið eða það hefur verið samþykkt.

(b) Bindi stjórnvöld endi á rétt verktaka til þess að halda verki áfram munu skaðabætur halda áfram að safnast upp þar til verki er lokið. Slíkt uppgert tjón skal vera viðbót við þann aukakostnað sem hlýst af endurkaupum skv. mgr. um verkstöðvun (Termination clause).

(lok greinar)

52.228-2: Viðbótarábyrgð (okt. 1997)

Verktaki skal leggja fram viðbótarábyrgð svo fljótt sem auðið er skv. kröfum þar um til þess að vernda stjórnvöld og einstaklinga sem leggja fram vinnuafl eða efni skv. samningi þessum ef

(a) einhver ábyrgðaraðili skv. ábyrgðarbréfi eða stofnun, sem gefur út annarskonar ábyrgð, er eigi lengur ásættanleg stjórnvöldum,

(b) ef einhver ábyrgðaraðili lætur hjá líða að skila greinargerðum um fjárhagsstöðu sína skv. kröfum stjórnvalda,

(c) hækkar samningsverð þannig að sektarupphæð hvers ábyrgðarbréfs verður ófullnægjandi skv. áliti yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), eða

(d) óafturkræf skrifleg bankaábyrgð (ILC), sem notuð er til ábyrgðar, rennur út fyrir lok krafins ábyrgðartímabils. Leggi verktaki ekki fram ásættanlega framlengingu eða nýja skriflega bankaábyrgð (ILC), eða aðra ásættanlega ábyrgð í hennar stað, a.m.k. 30 dögum áður en skrifleg bankaábyrgð (ILC) rennur út, er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt án tafar að krefjast greiðslu á grundvelli viðkomandi ábyrgðar.

(lok greinar)

52.228-11: Veðsetning eigna (feb. 1992)

(a) Tilboðsgjafar skulu afla frá hverjum aðila, sem er tryggingaraðili tilboðsábyrgðar, framkvæmdaábyrgð eða greiðsluábyrgð

(1) veðsetningu eigna, og

(2) staðaleyðublað nr. 28, Skrifleg yfirlýsing um einstaklingstryggingu (Affidavit of Individual Surety).

(b) Veðsetning eigna hvers aðila sem er tryggingaraðili tilboðsábyrgðar, skal vera

(1) staðfesting á vörslusamningi þriðja aðila með reiðufé, staðfesting á inneign, skuldabréf eða ríkisskuldabréf, eða aðrar eignir skv. skilgreiningum í FAR 28.203-2 (nema, sjá 28.203-2(b)(2) varðandi ríkisskuldabréf HELD IN BOOK ENTRY FORM) og/eða

(2) skráð veð í fasteign. Þess er krafist að tilboðsgjafi leggi fram

(i) staðfestingu á eigninni með eignaryfirlýsingu frá viðeigandi tryggingarfélagi sem dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna samþykkir. Á staðfestingu þessari skal koma fram eignarréttur á því sem tryggingin á við um ásamt nöfnum eigenda, og jafnframt hvort einhverjir fasteignaskattar séu ógreiddir, og skráð veðbönd á eigninni, þ.m.t. veð sem tekin eru fyrir stjórnvöld skv. FAR 28.203-3(d),

(ii) staðfesting á gjaldfallinni upphæð veða skv. eignayfirlýsingunni,

(iii) eintak af nýju fasteignamati fyrir viðkomandi eign eða nýlegt mat, og skal dagsetning þess eigi vera eldri en sex mánuðir fyrir dagsetningu ábyrgðarbréfs sem til þess bær matsaðili gerir og sem staðfestir að viðkomandi mat hafi verið gert í samræmi við viðurkennda matsstaðla skv. skilgreiningum Uniform Standards of Professional Appraisal Practise frá Appraisal Foundation.

(lok greinar)

52.228-12: Kröfur mögulegra undirverktaka um ábyrgðir (okt. 1995)

Skv. kafla 806(a)(3) í Pub. L. 102-190 (lög), með áorðnum breytingum skv. köflum 2091 og 8105 í Pub. L. 103-355 (lög), skal verktaki við móttöku beiðna frá mögulegum undirverktökum eða birgjum, sem bjóða vinnuafl eða efni vegna framkvæmdar samnings þessa og sem ábyrgð hefur verið lögð fyrir til stjórnvalda skv. Miller lögunum, leggja fram án tafar eintak af greiðsluábyrgðarbréfi.

(lok greinar)

52.228-13: Mögulegar greiðsluábyrgðir (júl. 2000)

(a) Tilboðsgjafi skal leggja fram eina eftirtalinna ábyrgða vegna varatilboða:

- Greiðsluábyrgð.
- Óafturkræft greiðslustaðfestingarbréf frá banka.
- Þríhliða vörslusamning.

(b) Upphæð slíkrar greiðsluábyrgðar skal vera 100 af hundraði samningsverðs.

(c) Leggja skal fram slíka ábyrgð eigi síðar en tíu dögum eftir að samningi hefur verið úthlutað.

(d) Greiðsluábyrgðin skal veita fulla ábyrgð (vernd) meðan á samningstíma stendur að viðbættu einu ári.

(e) Í tilvikum öðrum en þar sem um ræðir þríhliða vörslusamninga eða greiðsluábyrgðir, sem veita eigin ábyrgð og vernd, er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að halda eftir greiðslum á grundvelli greiðsluverndar þegar skrifleg staðfesting hefur verið fengin frá þeim sem útvegar vinnuafl eða efni um að vanefndir um greiðslu hafi átt sér stað, og skal yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að halda eftir slíku fjármagni þar til mál hafa verið leyst milli aðila beint eða með atbeina dómstóla.

(f) Þegar þríhliða vörslusamningar eru notaðir skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) einungis nota þá aðila sem útvega vinnuafl og efni og hafa undirritað viðkomandi vörslusamninga.

(lok greinar)

52.228-14: Óafturkræf bankaábyrgð (des. 1999)

(a) Hugtakið *"óafturkræf bankaábyrgð"* (ILC) eins og það er notað í þessari grein þýðir skrifleg skuldbinding frá ríkistryggðri fjármálastofnun til þess að greiða alla eða hluta tilgreindrar upphæðar til þess dags er ábyrgðin rennur út til að mæta skriflegum kröfum stjórnvalda (viðtakanda) þar að lútandi. Hvorki viðkomandi fjármálastofnun né tilboðsgjafa/verktaka er heimilt að ógilda eða skilyrða slíka bankaábyrgð.

(b) Ef tilboðsgjafi hyggst nota óafturkræfa bankaábyrgð (ILC) sem tilboðsábyrgð, eða til að tryggja aðra tegund ábyrgða, t.d. framkvæmda- og greiðsluábyrgðir, skal nota það fyrirkomulag um óafturkræfa bankaábyrgð og staðfestingar sem tilgreint er í mgr. (e) og (f) þessarar greinar.

(c) Bankaábyrgðin skal vera óafturkræf, eigi skal krafist annarra gagna en skriflegrar kröfu, og óafturkræf bankaábyrgð (þ.m.t. staðfestingarbréf ef við á) skal vera útgefin/staðfest af viðurkenndri ríkistryggðri fjármálastofnun skv. mgr. (d) þessarar greinar, og

(1) ef óafturkræf bankaábyrgð (ILC) er notuð sem tilboðsábyrgð skal hún eigi renna út fyrr en 60 dögum eftir lok samþykktartímabils tilboðsins,

(2) ef það er notað sem valkostur við sameiginlega eða einstaklingsábyrgð vegna framkvæmda- eða greiðsluábyrgðar, er tilboðsgjafa/verktaka heimilt að leggja fram óafturkræfa bankaábyrgð (ILC) m eð áætluð upphafsgildislok er taki til alls tímabilsins sem fjárhagslegrar tryggingar er krafist fyrir eða honum heimilt að leggja fram óafturkræfa bankaábyrgð (ILC) með upphafsgildislok a.m.k. í eitt ár frá útgáfudegi. Koma skal fram í óafturkræfri bankaábyrgð, nema útgefandi hennar láti viðtakanda hennar í té skriflega tilkynningu um að hún verði eigi endurnýjuð 60 dögum áður en hún rennur út, að óafturkræfa bankaábyrgðin framlengist sjálfkrafa án breytingar í eitt ár frá og með gildislokadegi, eða einhverjum gildislokadegi í framtíðinni, til lokatíma krafins ábyrgðartímabils, og er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) afhendir fjármálastofnuninni skriflega yfirlýsingu þar sem hann afsalar sér rétti til móttöku greiðslu. Tímabil það sem kraf ist er að óafturkræf bankaábyrgð gildi skal vera…

(i) vegna samninga skv. Miller lögunum, það sem síðast gerist,

(A) eitt ár eftir væntanlega dagsetningu síðustu greiðslu,
(B) vegna framkvæmdaábyrgðar einungis, til loka hvers ábyrgðar-tímabils eða,
(C) vegna greiðsluábyrgðar einungis, til þess tíma er öllum kröfum hefur verið lokið sem gerðar eru á grundvelli greiðsluðábyrgðar í eitt ár eftir lokagreiðslu.

(ii) Vegna samninga sem ekki eru á grundvelli Miller laganna, það sem síðast gerist

(A) eitt ár eftir lokagreiðslu, eða
(B) vegna framkvæmdaábyrgða einungis, til loka hvers ábyrgðartímabils.

(d) Einungis fjármálastofnanir með ríkistryggða fjárfestingarflokkun eða þar fyrir ofan skulu gefa út eða staðfesta óafturkræfar bankaábyrgðir (ILC). Tilboðsgjafi/verktaki skal afhenda yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) ábyrgðarflokkun sem sýnir að viðkomandi fjármálastofnun stenst ofangreindar kröfur á útgáfudegi óafturkræfrar bankaábyrgðar (ILC). Hafi viðkomandi fjármálastofnun, sem gefur út óafturkræfa bankaábyrgð, eigi haft a.m.k. $25 milljóna lánsveltu á árinu áður, skal önnur viðurkennd fjármálastofnun, með a.m.k. $25 milljóna lánsveltu á árinu áður, staðfesta óafturkræfa bankaábyrgð (ILC) yfir $ 5 milljónir.

(e) Fjármálastofnun, sem gefur út óafturkræfa bankaábyrgð, skal nota eftirfarandi fyrirkomulag til þess:

_____

(Bréfhaus eða nafn og heimilisfang fjármálastofnunar sem gefur út óafturkræfa bankaábyrgð)

Útgáfudagur
Óafturkræf bankaábyrgð nr._____
Nafn reikningshafa_____
Heimilisfang reikningshafa_____
Vegna útboðs nr. _____ (notist einungis sem tilvísun)

Stílist á:

Resident Officer in Charge of Construction
PSC 1003, Box 28
FPO AE 09728

1. Hérmeð gefum við út óafturkræfa og framseljanlega bankaábyrgð fyrir þig vegna eins eða fleiri teikninga, að upphæð allt at $_____. Þessi óafturkræfa bankaábyrgð hjá *(nafn fjármálastofnunar sem gefur ábyrgðina út og, ef við á, nafn fjármálastofnunar sem staðfestir hana)* er greiðanleg hjá *(heimilisfang fjármálastofnunar sem gefur ábyrgðina út og, ef við á, heimilisfang fjármálastofnunar sem staðfestir hana)* og rennur út í lok viðskiptadagsins _____, eða framlengist sjálfkrafa á gildislokadegi.

2. Hérmeð samþykkjum við að virða kröfur þínar eða framsalshafa, sem gerðar eru á grundvelli þessarar ábyrgðar á hendur okkur eða fjármálstofnunar þeirrar ef einhver, sem staðfestir bankaábyrgðina, og skal leggja bankaábyrgðina fram og staðfestingu á henni, ef einhver, á skrifstofu þeirri sem tilgreind er í mgr. 1 þessarar óafturkræfu bankaábyrgðar á eða fyrir gildislokadag eða hverrar sjálfvirkrar framlengingar gildislokadags.

3. *(Þessari mgr. er sleppt ef um er að ræða tilboðsábyrgð og tillit tekið til síðari mgr.)* Skilyrði er gert í bankaábyrgð þessari að hún framlengist sjálfkrafa án breytinga í eitt ár frá gildislokadegi hennar, eða hvers gildislokadags í framtíðinni, nema við tilkynnum þér eða framsalshafa með a.m.k. 60 daga fyrirvara fyrir gildislokadag í ábyrgðarpósti eða á annan viðurkenndan afhendingarhátt að við kjósum eigi að framlengja þessa bankaábyrgð í eitthvert tilgreint tímabil. Á sama tíma og við sendum þér tilkynningu þar að lútandi, samþykkjum við einnig að tilkynna reikningshafa (og fjármálastofnun þeirri sem staðfestir, ef einhver) og að senda tilkynninguna á þann hátt er að ofan greinir.

4. Þessi bankaábyrgð er framseljanleg. Framsal og afsal fjármagns skal framkvæmt án kostnaðar fyrir handhafa eða framsalshafa fjármagns. Slíkt framsal eða afsal skal einungis framkvæmt skv. skriflegum fyrirmælum stjórnvalda

(viðtakanda) á þann hátt sem fjármálastofnun sú sem gefur út ábyrgðina og sú fjármálastofnun, ef einhver, sem staðfestir hana, samþykkja.

5. Bankaábyrgð þessi er skv. Uniform Customs and Practice (UCP) for Documentary Credits, 1993 Revision, International Chamber of Commerce publication no. 500, og einnig svo fremi að hún stangist ekki á við lög _____ *(land fjármálastofnunar, ef einhver, sem staðfestir bankaábyrgðina, annars heimaland fjármálastofnunar sem gefur bankaábyrgðina út).*

6. Renni gildistími bankaábyrgðar þessarar út meðan á breytingum á viðskiptum þessarar fjármálastofnunar, eins og lýst er í 17. gr. UCP, eiga sér stað, samþykkir fjármálastofnunin sérstaklega að framkvæma greiðslu ef krafa þar um er gerð innan 30 daga frá því viðskipti okkar halda áfram.

Virðingarfyllst,

_____
(nafn fjármálastofnunar sem gefur bankaábyrgðina út)

(f) Fjármálastofnun, sem staðfestir óafturkræfa bankaábyrgð (ILC), skal nota eftirfarandi fyrirkomulag til þess:

_____
(Bréfhaus eða nafn og heimilisfang fjármálastofnunar sem staðfestir)

(Dagsetning)_____
Númer tilkynningar okkar um óafturkræfa bankaábyrgð_____
Viðtakandi_____*(nafn viðtk. bandarískrar stofnunar)*
Fjármálastofnun sem gefur bankaábyrgðina út_____
Númer bankaábyrgðar (LC) hjá fjármálastofnun_____

Til þess er málið varðar:

1. Hérmeð staðfestum við ofangreinda óafturkræfa bankaábyrgð, frumrit hennar hjálagt, sem gefin er út af _____*(nafn fjármálastofnunar sem gefur bankaábyrgðina út)* vegna verka að upphæð bandarískra $_____/bandarískir $_____, og sem rennur úr gildi við lok viðskiptadags _____ *(dagsetning gildisloka),* eða sérhvers framlengds gildislokadags.

2. Kröfur DRAFTS skv. óafturkræfri bankaábyrgð (LC) þessari eru greiðanlegar á skrifstofu okkar að_____

3. Hérmeð samþykkjum við að virða kröfur SIGHT DRAFTS skv. og lagðar fram með bankaábyrgð þessari, og staðfestingu okkar skv. skilgreiningum þessum.

4. *(Þessari mgr. er sleppt ef um er að ræða tilboðsábyrgð og umræddar málsgreina eru endur númeraðar.* Skilyrði þessarar staðfestingar er að hún teljist sjálfkrafa framlengd án breytinga í eitt ár frá gildislokadegi hennar, eða skv. sjálfkrafa framlengingu gildislokadags, nema í tilvikum að

(a) a.m.k. 60 dögum fyrir hvern slíkan gildislokadag, tilkynnum við yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), eða framsalshafa og fjármálastofnuninni, sem gefur út bankaábyrgðina, í ábyrgðarpósti eða á annan ásættanlegan afhendingarhátt, að við kjósum að framlengja ekki þessa staðfestingu í einhvern tilgreindan viðbótartíma, eða

(b) fjármálastofnun sú, sem gefur út bankaábyrgð, skal hafa nýtt rétt sinn til þess að tilkynna þér eða framsalshafa, reikningsaðila, eða okkur um ákvörðun sína að framlengja ekki gildislokadag bankaábyrgðarinnar.

5. Staðfesting þessi er skv. Uniform Customs and Practice (UCP) for Documentary Credits, 1993 Revision, International Chamber of Commerce Publication no. 500, og svo fremi að hún stangist ekki á við landslög, skv. lögum _____ *(heimaland fjármálastofnunar sem staðfestir bankaábyrgð).*

6. Renni þessi staðfesting út við breytingar á viðskiptum þessarar fjármálastofnunar eins og lýst er í 17. gr. UCP, samþykkjum við sérstaklega að framkvæma greiðslu ef kallað er eftir fullnustu þessarar ábyrgðar innan 30 daga frá því er viðskipti okkar hefjast á ný.

Virðingarfyllst,

_____
(Fjármálastofnun sem staðfestir bankaábyrgð)

(g) Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal nota eftirfarandi fyrirkomulag vegna krafna SIGHT DRAFT skv. bankaábyrgð þessari:

Krafa

_____
(Borg, fylki)
(Dagsetning)_____

(Nafn og heimilisfang fjármálastofnunar)
Greiðið _____ *(nafn viðtakandi stofnunar)*_____upphæð $_____.

Greiðsla þessar kröfu DRAFT er gerð skv. óafturkræfri bankaábyrgð nr._____

_____
(Viðtakandi stofnun)

_____
(af)

52.232-18: Úthlutun fjármagns (apr. 1984)

Á þessari stundu er fjármagn ekki fyrirliggjandi vegna samnings þessa. Skyldur stjórnvalda skv. samningi þessum eru háðar því að fyrir hendi sé úthlutun fjármagns til greiðslna skv. samningi þessum. Eigi myndast nein bótaskylda af hendi stjórnvalda vegna nokkurra greiðslna fyrr en fjármagn er fyrirliggjandi fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) vegna samnings þessa, og þar til verktaki móttekur tilkynningu um að fjármagn sé til reiðu, en yfirmaður verksamningsgerðar skal staðfesta slíkt skriflega.

(lok greinar)

52.236-4: Gögn og upplýsingar (apr. 1984)

Gögn og upplýsingar sem veittar eru eða vísað til hér á eftir eru ætlaðar verktaka. Stjórnvöld bera enga ábyrgð á túlkun eða niðurstöðum verktaka af gögnum eða upplýsingum þessum. (a) Upplýsingar um áþreifanlegar aðstæður á vinnusvæði skv. teikningum og í skilgreiningum eru niðurstöður rannsókna á staðnum _____ *(setjið inn lýsingar á rannsóknaaðferðum sem notaður eru, t.d. matsgerð, jarðvegsboranir, kjarnaboranir, sýnataka, prófunarholur- og göng).*

(b) Veðurfar_____*(setjið inn yfirlit um veðurfar og aðvaranir).*

(c) Samgöngur/flutningar_____*(setjið inn lýsingu á aðgengi frá vinnusvæði, þ.m.t. það sem fyrir hendi er og hindranir í þeim efnum).*

(d) _____*(aðrar nauðsynlegar upplýsingar)*.

(lok greinar)

52.236-10: Aðgerða- og geymslusvæði (apr. 1984)

(a) Verktaki skal sjá til þess að allar aðgerðir (þ.m.t. geymsla efna) á svæðum stjórnvalda sé á svæðum sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur heimilað eða samþykkt. Verktaki staðfestir að stjórnvöld, yfirmenn og fulltrúar þeirra séu ekki bótaskyldir að neinu leyti varðandi aðgerðir verktaka.

(b) Verktaka er heimilt að reisa bráðabirgðabyggingar (t.d. geymslur, verkstæði, skrifstofur) og veitur, en þó einungis með heimild yfirmanns verksamningsgerðar. Slíkar byggingar skulu gerðar með vinnuafli og efnum verktaka án kostnaðar fyrir stjórnvöld. Bráðabirgðabyggingar og veitur skulu vera eign verktaka og skal hann fjarlægja þær á

sinn kostnað við verklok. Heimilt er að yfirgefa slíkar byggingar og veitur og skilja þær eftir, en slíkt er þó háð skriflegu samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(c) Skv. reglugerðum sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) kynnir, skal verktaki einungis nota fyrirliggjandi vegi, eða bráðabirgðavegi sem verktaki leggur, þegar og ef yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilar slíkt. Við flutning efna vegna verks skal verktaki sjá til þess að flutningabifreiðir séu ekki hlaðnar yfir þungamörk sem framleiðandi bifreiða setur eða skv. fyrirmælum ríkis, fylkis, sveitarfélaga eða reglugerða. Þegar nauðsynlegt er að fara yfir gangstéttarbrúnir eða gangstéttir skal verktaki grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir skemmdir á þeim. Verktaki skal gera við eða greiða fyrir viðgerðir á skemmdum gangstéttarbrúnum, gangstéttum eða vegum.

(lok greinar)

52.236-11: Notkun og yfirtaka fyrir verklok (apr. 1984)

(a) Stjórnvöld skulu hafa rétt til þess að yfirtaka eða nota hvern verkhluta sem lokið er eða lokið að hluta. Áður en yfirtaka eða notkun hvers verkhluta á sér stað skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) afhenda verktaka lista yfir verkþætti sem eftir er að framkvæma eða laga varðandi verkhluta sem stjórnvöld hyggjast taka í sína vörslu eða í notkun. Láti yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hjá líða að afhenda slíkan lista losar það eigi verktaka undan ábyrgð að framkvæma verk skv. skilmálum samnings þessa. Ekki skal túlka yfirtöku stjórnvalda eða notkun þeirra sem samþykkt nokkurs verkþáttar skv. samningi þessum.

(b) Meðan á vörslu eða notkun stjórnvalda stendur skal verktaki losaður undan ábyrgð á tapi eða tjóni á verki sem leiðir af vörslu stjórnvalda þrátt fyrir skilmála greinar í samningi þessum undir fyrirsögninni „Leyfi og ábyrgð" ("Permits and Responsibilities"). Ef yfirtaka eða notkun stjórnvalda veldur seinkun á framkvæmdum verks og leiðir til aukins kostnaðar fyrir verktaka skal gera sanngjarna aðlögun á samningsverði eða verklokatíma, og skal samningurinn aðlagaður í samræmi við það.

(lok greinar)

52.236-12: Hreinsun (apr. 1984)

Verktaki skal ætíð halda verksvæðinu (þ.m.t. geymslusvæði) snyrtilegu og lausu við úrgang. Áður en verki er lokið skal verktaki fjarlægja allt drasl, verkfæri, vinnupalla, búnað og efni, sem ekki er eign stjórnvalda, af verksvæðinu. Við verklok skal verktaki skila verksvæði snyrtilegu, hreinu og skipulegu að áliti yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(lok greinar)

52.236-13: Slysavarnir (nóv. 1991)

(a) Verktaki skal skapa og viðhalda vinnuumhverfi og starfsaðstæðum sem uppfylla öryggisreglur Varnarliðsins og:

(1) vernda almenning og starfsmenn stjórnvalda, eignir, efni, birgðir og búnað gagnvart aðgerðum og starfsemi verktaka,

(2) koma í veg fyrir truflun á starfsemi stjórnvalda og seinkanir á verklokadögum, og

(3) halda verkkostnaði skv. samningi þessum innan áætlana.

(b) Með vísan í ofangreint og vegna samninga um smíði eða niðurrif, niðurbrot eða fjarlægingar viðgerða, skal verktaki

(1) setja upp viðeigandi girðingar, merkingar og aðvörunarljós,

(2) fylgja stöðlum útgefnum af Secretary of Labour, 29 CFR Part 1926 og 29 CFR part 1910, og lög og reglur vinnueftirlits íslenska ríkisins.

(3) tryggja að gripið sé til allra aðgerða sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) telur nauðsynlegar vegna ofangreinds.

(c) Ef samningur þessi er um mannvirkjagerð eða niðurrif, niðurbrot eða fjarlægingu viðgerða og er við einhverja stofnun eða deild Varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, skal verktaki fara að öllu leyti eftir viðkomandi ákvæðum í síðustu útgáfu U.S. Army Corps of Engineers Safety and Health Requirements Manual, EM 385-1-1 sem í gildi er á útboðsdegi. Verktaki skal leggja fram áætlun um slysavarnir (APP) skv. COE EM-385

(d) Í því tilviki að yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) verður var við að ekki er farið eftir þessum kröfum eða aðstæður skapast er leiða til alvarlegrar og yfirvofandi hættu varðandi heilbrigði eða öryggi almennings eða starfsmanna stjórnvalda, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) tilkynna verktaka slíkt munnlega, fylgt eftir með skriflegri staðfestingu, þar sem krafist er tafarlausra úrbóta. Litið skal á þessa tilkynningu, þegar hún er afhent verktaka eða fulltrúa hans á verksvæði, sem fullnægjandi tilkynningu um vanrækslu og að úrbóta sé krafist. Eftir móttöku slíkrar tilkynningar skal verktaki gera úrbætur án tafar. Geri verktaki eigi eða neitar að gera úrbætur er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt að stöðva allt verkið eða vissa verkþætti þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Verktaki skal ekki eiga rétt á sanngjarnri aðlögun samningsverðs eða framlengingu verkáætlana vegna verkstöðvunartilskipunar skv. þessari grein.

(e) Verktaki skal setja þessa grein, þ.m.t. þessa mgr. (e), með viðeigandi breytingum samningsaðila, inn í undirverktökusamninga sína.

(lok greinar)

52.236-21: Skilgreiningar og byggingateikningar (feb. 1997)

(a) Verktaki skal vera með eintök af teikningum og skilgreiningum á vinnusvæðinu, og skal ætíð tryggja aðgengi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) að þeim. Hvert atriði í skilgreiningum sem ekki kemur fram á teikningum, eða atriði á teikningum sem ekki koma fram í skilgreiningum, teljast hafa jafngildi eins og kæmu þau fram bæði á teikningum og í skilgreiningum. Komi í ljós atriðismunur milli teikninga og skilgreininga skulu skilgreiningarnar gilda. Ef villur eru í tölulegum upplýsingum, á teikningum eða í skilgreiningum skal færa málið strax til yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) til ákvörðunar og skal hann taka ákvörðun án tafar skriflega. Geri verktaki einhverja aðlögun án slíkrar skriflegrar ákvörðunar er það á ábyrgð og kostnað verktaka. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal afhenda, eftir því sem við á, eins nákvæmar teikningar og aðrar upplýsingar og nauðsynlegar teljast, nema annað sé tekið fram.

(b) Þegar ritað er í skilgreiningar eða teikningar orðin „directed" (tilmæli), „required" (krafist), „ordered" (tilskipun), „designated" (tilnefnt), „prescribed" (fyrirmæli) eða slík mikilvæg orð notuð er það sameiginlegur skilningur samningsaðila um sé að ræða fyrirmæli yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), á sama hátt og orðin „approved" (samþykkt), „acceptable" (ásættanlegt), „satisfactory" (fullnægjandi) vísa til álits yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) nema annað sé tekið fram.

(c) Þegar orðin „as shown" (eins og fram kemur), „as indicated" (eins og gefið er til kynna), „as detailed" (nákvæmlega) eða slík mikilvæg orð eru notuð er það sameiginlegur skilningur samningsaðila að hér sé vísað til teikninga sem fylgja samningi þessum nema annað sé tekið fram. Samningsaðilar eru sammála um að orðið „provided" (afhent) eins og það er notað í samningi þessum þýðir „afhent tilbúið á staðnum", þ.e. „afhent og uppsett".

(d) Orðið „vinnuteikningar" þýðir teikningar sem stjórnvöld fá frá verktaka, undirverktaka eða undirverktökum á lægri stigum skv. byggingarsamningi, en þær skulu sýna nákvæmlega, (1) gerð og samsetningu byggingarefnisþátta, og (2) uppsetningu (þ.e. smíði og samsetningu í smáatriðum) efna og búnaðar. Orðið tekur til teikninga, skýringarmynda, útlitsteikninga, grunnteikninga, lýsandi gagna, áætlana, framkvæmda, prófunargagna og þess háttar gagna sem verktaki lætur í té til þess að skýra nákvæmlega tilgreinda verkþætti skv. kröfum samnings þessa. Stjórnvöldum er heimilt að fjölfalda, nota og birta vinnuteikningar, sem afhentar eru skv. samningi þessum, á hvaða hátt sem er og í hvaða tilgangi sem er.

(e) Ef vinnuteikninga er krafist skv. samningi þessum skal verktaki samræma allar slíkar teikningar og endurskoða þær m.t.t. nákvæmni og að þær séu tæmandi og í samræmi við samningskröfur. Verktaki skal staðfesta endurskoðun sína og samræmingu með nafni sínu á teikningarnar. Heimilt er að endursenda verktaka vinnuteikningar, sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fær í hendur án slíkrar merkingar verktaka, og skal síðan afhenda þær á ný. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) merkir teikningarnar sem samþykktar eða ósamþykktar. Ef teikningar eru ekki samþykktar eins og þær eru lagðar fram skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) tilgreina ástæður stjórnvalda fyrir þessu. Verk, sem framkvæmt er án slíks samþykkis, er á ábyrgð verktaka. Samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) leysir verktaki eigi undan ábyrgð varðandi villur eða yfirsjónir í vinnuteikningum eða frá ábyrgð á því að samningskröfum sé fylgt, nema varðandi frávik sem lýst er og samþykkt í mgr. (f) hér á eftir.

(f) Komi í ljós frávik á vinnuteikningum frá samningskröfum, skal verktaki lýsa þeim skriflega í sér greinargerð með teikningunum þegar hann leggur þær fram. Samþykki yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) slík

frávik skal hann gera viðeigandi breytingar á samningi nema um sé að ræða minniháttar frávik eða frávik sem leiða ekki til breytinga á samningsverði eða framkvæmdatíma, en þá þarf eigi að gera breytingar á samningi.

(g) Verktaki skal afhenda yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) til samþykktar fjögur eintök (nema annað sé tekið fram) af öllum vinnuteikningum skv. kröfum er fram koma í fyrirsögnum skilgreininga þessara. Þrjú eintök (nema annað sé tekið fram) af öllum vinnuteikningum verða í vörslu yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) en verktaki fær eitt eintak tilbaka í sínar hendur.

(lok greinar)

52.236-26: Undirbúningsfundur vegna byggingaframkvæmda (feb. 1995)

Ákveði yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) að halda undirbúningsfund vegna byggingarframkvæmda verður tilboðsgjafa, sem verkið fær, tilkynnt um fundinn og þess óskað að hann mæti á honum. Í tilkynningu yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) koma fram nákvæmar upplýsingar um dagsetningu, tímasetningu og staðsetningu fundarins, ásamt upplýsingum um hvort nauðsynlegt sé að undirverktakar mæti einnig, og upplýsingar um dagskrá fundarins.

(lok greinar)

52.236-27: Heimsókn á byggingarsvæði (feb. 1995)

(a) Greinar 52.236-2, Mismunandi aðstæður á verksvæði, og 52.236.3, Skoðun á verksvæði og aðstæður sem hafa áhrif á verk, verða hlutar af úthlutuðum samningi skv. útboði þessu. Tilboðsgjafar eru eindregið hvattir til, og til þess ætlast, að skoða framkvæmdasvæðið.

(b) Heimsóknir verða skipulagðar á svæðið á venjulegum vinnutíma og tilboðsgjöfum er bent á að hafa samband við neðangreindan aðila:

Nafn:_____

Heimilisfang:_____

_____

Sími: _____

(lok greinar)

52.242-14: Tímabundin verkstöðvun (apr. 1984)

(a) Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt að stöðva verk tímabundið, seinka því eða tefja það í heild sinni eða að hluta skv. samningi þessum í þann tíma sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) telur fullnægjandi vegna hagsmuna stjórnvalda.

(b) Stöðvist framkvæmd verks, því seinkað eða tafið um ósanngjarnlega langan tíma vegna (1) aðgerða yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) við framkvæmd samnings þessa, eða (2) ef yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) grípur ekki til aðgerða innan þess tímaramma sem skilgreindur er í samningi þessum (eða innan sanngjarns tíma ef ekki tilgreindur), skal gerð aðlögun vegna hækkunar kostnaðar við framkvæmd skv. samningi þessum (ábati undanskilinn) sem leiðir af nauðsynlegri tímabundinni verkstöðvun, seinkunn eða töfum og skulu breytingar á samningi þessum vera skriflegar. Breytingar eru ekki heimilar, hins vegar, skv. þessari mgr. vegna tímabundinnar verkstöðvunar, seinkunnar eða tafa af öðrum ástæðum, m.a. vegna vanefnda eða vanrækslu verktaka, eða af ástæðum sem heimila eða heimila ekki sanngjarna aðlögun skv. kjörum og skilmálum samnings þessa.

(c) Ekki er heimilt að gera kröfur skv. þessari mgr. vegna

(1) nokkurs kostnaðar sem til er stofnað meira en 20 dögum áður en verktaki skal hafa tilkynnt yfirmanni verksamningsgerðar skriflega um framkvæmd eða að framkvæmd eigi sér ekki stað (en krafa þessi á ekki við vegna kröfu sem leiðir af tilskipun um tímabundna verkstöðvun), og

(2) nema krafan, með innfærðri upphæð, sé gerð skriflega svo fljótt og auðið er eftir lok tímabundinnar verkstöðvunar, seinkunnar eða tafa, en þó eigi síðar en á lokagreiðsludegi samnings þessa.

(lok greinar)

52-253-1: Eyðublöð á tölvum (jan. 1991)

(a) Heimilt er að leggja fram öll gögn, sem krafist er að séu á Standard eða Optional Form skv. FAR reglum, í tölvuútfærslu eyðublaðanna, *enda* séu engar breytingar gerðar á fyrirsögnum, innihaldi eða upprröðun upplýsingaþátta viðkomandi eyðublaðs, og svo fremi að eyðublaðið beri Standard eða Optional Form númer eða útgáfudagsetningu.

(b) Heimilt er, nema reglur stofnana banni slíkt, að leggja fram gögn sem krafist er á viðkomandi eyðublaði stofnunar og sem er fylgiskjal FAR, í tölvutæku formi, enda séu engar breytingar gerðar á fyrirsögnum, innihaldi, eða upprröðun upplýsingaþátta viðkomandi eyðublaðs, og svo fremi að eyðublaðið beri númer stofnunar og útgáfudagsetningu.

(c) Leggi verktaki fram eyðublað í tölvutæku formi og það er öðruvísi en eyðublaðið sem krafist er, verða réttindi og skyldur samningsaðila ákveðnar á grundvelli innihalds þess eyðublaðs sem krafist er.

(lok greinar)

IV. Verktaki skal virða eftirfarandi málsgreinar DFARS um opinber aðföng. Greinar þær, sem um ræðir, eru eins og að neðan greinir:

252.201-7000: Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (des. 1991)

(a) *Skilgreining:* „Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer's Representative - COR" vísar til einstaklings sem tilnefndur er skv. undirkafla 201.602-2 í Defense Federal Acquisition Regulation Supplement og hefur skriflegt umboð yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) til þess að taka ákveðnar tæknilegar og framkvæmdalegar ákvarðanir.

(b) Tilnefni yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fulltrúa sinn, verður verktaka afhent eintak af skriflegri tilnefningu hans. Í skriflegri tilnefningu fulltrúans skal vera skilgreining á umboði hans til þess að koma fram fyrir hönd yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracing Officer) hefur ekki umboð til þess að ákveða neinar skuldbindingar eða breytingar sem hafa áhrif á verð, gæði, magn, afhendingu, eða aðra skilmála og kjör samnings þessa.

(lok greinar)

252.232-7008: Framsal krafna (erlendis)(jún. 1997)

(a) Verktaki skal ekki framselja neinar peningalegar kröfur, sem gjaldfallnar eru eða sem munu gjaldfalla, nema…

(1) að fengnu skriflegu samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer),

(2) slíkt sé í samræmi við bandarísk lög og reglugerðir, og

(3) lög og reglur heimalands verktaka heimili slíkt.

(b) Aldrei skal afhenda nokkrum framsalshafa krafna skv. samningi þessum eða neinum öðrum einstaklingi, sem eigi hefur til þess heimild, eintök samnings þessa eða uppdrætti, skilgreiningar eða sambærileg gögn sem varða verk skv. samningi þessum ef þau eru merkt sem „Top Secret", „Secret" eða „Confidential". Þó skal heimilt að afhenda eintak af hluta samnings þessa eða hlutum hans, eða upplýsa framsalshafa um efnisinnihald hans að fenginni fyrirfram skriflegri heimild yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(c) Framsal skv. samningi þessum skal taka til allra upphæða, sem greiða á skv. samningnum og hafa ekki þegar verið greiddar, en þó eigi á hendur fleiri en eins aðila, en þó skal slíkt framsal heimilt á hendur eins aðila sem er

umboðsaðili eða trúnaðarmaður tveggja eða fleiri aðila sem taka þátt í slíkri fjármögnun. Reikningur eða úttektarmiði, sem lagður eru fram til greiðslu skv. samningi þessum og framsal á við um, og bein greiðsla skal eiga sér stað í hendur framsalshafa, skal þannig úr garði gerður að verktaki…

(1) tilgreinir framsalshafa með nafni og nákvæmu heimilisfangi, og

(2) staðfestir gildi framsals og rétt tilgeinds framsalshafa til þess að taka við greiðslu þeirra upphæðar sem reikningur eða úttektarmiði á við.

(lok greinar)

252.236-7000: Tillögur um breytingar - sundurliðun verðs (des. 1991)

(a) Verktaki skal leggja fram sundurliðun verðs, lið fyrir lið, skv. kröfum þar að lútandi innan þeirra tímamarka sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) tilgreinir, ásamt tillögum um aðlögun samnings ef einhverjar eru.

(b) Sundurliðun verðs

(1) skal innihalda fullnægjandi upplýsingar svo unnt sé að meta ávinning og allan kostnað vegna

(i) efnis,
(ii) vinnuafls,
(iii) búnaðar,
(iv) undirverktaka, og
(v) stjórnunarkostnaðar, og

(2) skal ná til allra verkþátta sem breytingar eiga við um, án tillits til þess hvort þeir hafi verið felldir niður, bætt við eða breytt.

(c) Verktaki skal einnig leggja fram sundurliðun verðs til stuðnings sérhverrar upphæðar varðandi undirverktaka.

(d) Í tillögu verktaka skulu koma fram ástæður hverrar tillögu um framlengingu tímamarka.

(lok greinar)

252.242-7000: Samráðsfundir að loknu verki)des. 1991)

Verktaki samþykkir að taka þátt í samráðsfundum að loknu verki sem verksamnings- eða samningsumsýslustofnun heldur skv. FAR 42.5

(lok greinar)

252.243-7001: Verðlagning breytinga á samningi (des. 1991)

Þegar kostnaður er þáttur í verðaðlögun skv. samningi þessum skulu kostnaðarviðmið og ferli í FAR, hluti 31, og DFARS, hluti 231, á dagsetningu samnings þessa, eiga við.

(lok greinar)

V. Verktaki skal virða eftirfarandi FAC málsgreinar. Greinar þær, sem um ræðir, eru eins og að neðan greinir:

5252.201-9300: Valdsvið yfirmanns verksamningsgerðar (jún. 1994)

Ekkert samkomulag eða samningur milli verktaka og nokkurs annars opinbers starfsmanns en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) um nokkurn samning, aðlögun, breytingu, bréfleg eða munnleg fyrirmæli til verktaka, skal vera á nokkurn hátt bindandi fyrir stjórnvöld. Allar slíkar aðgerðir skulu ákveðnar með viðeigandi samningi sem tilnefndur yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gerir. Verktaka er hér með tilkynnt að í því tilviki að annar opinber starfsmaður en yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) mæli fyrir um breytingar á þeirri vinnu sem framkvæmd er, eða auki umfang verks sem framkvæmt er, er það skylda verktaka að hafa samband við yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) áður en nokkurt verkfrávik er gert. Greiðslur verða

ekki inntar af hendi nema tilnefndur yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer), sem hefur umboð til þess að skuldbinda stjórnvöld, samþykkir þær.

(lok greinar)

5252.209-9300: Skipulagslegir hagsmunaárekstrar (jún. 1994)

Takmarkanir þær, sem tilgreindar eru í þessari grein, skulu eiga við um verktaka og tengd fyrirtæki skv. samningi þessum. Ef verktaki, sem hlutdeild á í samningi þessum, undirbýr eða aðstoðar við undirbúning yfirlýsingar um verk, skilgreiningar og áætlanir, skal verktaki og tengd fyrirtæki vera óhæf til þess að bjóða í eða taka þátt í tilboði á hvaða hátt sem er, á hvaða samningslegan hátt sem er, og sem by ggist á slíkri yfirlýsingu um verk, skilgreiningar og áætlanir, sem aðalverktaki, undirverktaki eða sambærilegt. Verktaki skal eigi innifela í vörum sínum eða þjónustu slíka yfirlýsingu um verk eða skilgreiningar nema að fengnum skriflegum fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), en í slíku tilviki eiga takmarkanir þessar ekki við. Grein þessi skal vera í samningi þessum og í samningum við undirverktaka eða ráðgjafa vegna framkvæmdar samnings þessa.

(lok greinar)

5252.228-9302: Tilboðsábyrgð (jan. 1996)

Til þess að tryggja framkvæmd samningsins og framkvæmda- og greiðsluábyrgða skal tilboðsgjafi leggja fram tryggingarábyrgð (Standard Form 24 - staðlað eyðublað 24) með tilboði sínu, en slík ábyrgð skal gefin út af tryggingarfélagi, sem hefur rekstrarskírteini frá bandaríska fjármálaráðherranum, sem ásættanleg trygging, eða aðra tryggingu skv. FAR gr. 52.228-1 „Tilboðsábyrgð". Tryggingin skal vera að upphæð sem nemur a.m.k. 20 af hundraði hæstu upphæðar heimilaðar verkúthlutunar skv. framlögðu tilboði, en þó eigi hærri en $ 3.000.000. Tilboðsábyrgðinni skal fylgja eintak af umboði aðila til að undirrita ábyrgðir fyrir hönd tryggingarfélagsins.

(lok greinar)

5252.236-9303: Slysavarnir (nóv. 1998)

(a) Verktaki skal halda skrá og tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) á þann hátt og með notkun eyðublaða sem hann mælir fyrir um, um öll slys er leiða til dauða, alvarlegs áverka, starfstengda sjúkdóma og tjóns á eignum, efnum, birgðum og búnaði er tengist verki því sem framkvæma á skv. samningi þessum.

(b) Verktaki er ábyrgur fyrir því að ákvæði þessarar greinar séu virt.

(c) Áður en verkframkvæmdir hefjast má verktaki gera ráð fyrir að óskað sé

(1) að hann leggi fram skriflegar tillögur um framkvæmd ákvæða um slysavarnir,
(2) að hann fundi með fulltrúum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) til umræðna og þróunar gagnkvæms skilnings aðila á framkvæmd heildaráætlunar um vinnuverndarmál.

(lok greinar)

Eftirfarandi grein á við_____, á ekki við _____.

5252.236-9319: Skráðar teikningar (jún. 1994)

Verktaki skal hafa á verksvæði tvö eintök af heildarteikningum í fullri stærð skv. samningi þessum. Þær skulu vera rétt og nákvæmlega merktar með rauðu og í fullnægjandi stærðarhlutföllum. Á þeim skal koma fram allur mismunur milli byggingarvinnu sem framkvæmd er og teikninga skv. samningi þessum, þ.m.t. vegna niðurgrafinnar eða hulinnar smíði. Sérstök áhersla skal lögð á skráningu lágréttrar og lóðréttrar staðsetningar allra niðurgrafinna veitulagn a sem eru öðruvísi en fram kemur á teikningum skv. samningi þessum. Núverandi veitulagnir og veituhlutar, sem í ljós koma meðan á byggingarvinnu stendur, skulu einnig nákvæmlega merktir, m.t.t. staðsetningar og stærðar þeirra. Breytileiki í innri veitukerfum skal nákvæmlega merktur, ásamt stærðartölum, og samræmt við ytri veitutengingar við fimm feta línu byggingar þar sem það á við.

Núverandi staðfræðilegar aðstæður, sem eru öðruvísi en sýndar eru á teikningum skv. samningi þessum, skulu einnig staðsettar og skráðar nákvæmlega. Í tilvikum þar sem samningur þessi heimilar val efnisnotkunar og vinnuaðferða, eða þegar um er að ræða breytileika í umfangi eða einkennum starfsaðferða sem heimilaðar eru í samningi þessum, eða þegar heimilaður er breytileiki í umfangi eða einkennum vinnu miðað við upphaflegan samning, skulu viðeigandi og nákvæmar merkingar færðar inn á teikningar er sýna þá mannvirkjagerð sem raunverulega á sér stað. Slíkar breytingar skulu vera í fullu samræmi við staðlaðar hönnunarvenjur og skulu öll gögn fylgja, m.a. viðbótarathugasemdir, skýringartextar og uppdrættir, og önnur nákvæm gögn er sýna skýrt framkvæmdina eins og hún er. Teikningar þessar skulu ætíð vera fyrirliggjandi fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) til skoðunar. Við verklok skulu bæði eintök heildarteikninga, u bæði eintök heildarteikninga, aðfest sem rétt, verktaki skal undirrita þær og afhenda yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) til samþykktar. Óskir um áfangagreiðslur verða ekki teknar til greina ef merkingar á heildarteikningum sýna ekki nýjustu stöðu mála, og óskir um lokagreiðslu verða ekki teknar til greina ef merktar teikningar eru ekki lagðar fram til samþykktar yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(lok greinar)

5252.242-9300: Fulltrúar stjórnvalda (okt. 1996)

Tilnefndur fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) mun hafa yfirumsjón með verksamningi. Ekki skal undir neinum kringumstæðum nokkurt samkomulag eða samningur, fyrirmæli um breytingu eða önnur frávik samningsákvæða milli verktaka og neins einstaklings annars en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) koma til framkvæmda eða skuldbinda stjórnvöld, nema að slíkt sé gert með viðeigandi, formlegum gögnum á vegum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) fyrir samningslok.

Tilnefndir fulltrúar skulu vera eins og hér segir:

- ____X____Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer's Representative - COR) verður tilnefndur af yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer). Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (COR) sér um eftirlit með framkvæmdum og tæknilega stjórnun verks skv. samningi þessum, og skal verktaki snúa sér til hans með fyrirspurnir eða vandkvæði af tæknilegum toga.

- ____X____Tilnefndur samningssérfræðingur (Contract Specialist) verður fulltrúi framkvæmdasviðs yfirmanns verksamningsgerðar (Administrative Contracting Officer's Representative) í öllum málum er lúta að stjórnunarþáttum. Hafa skal samband við samningssérfræðinginn um öll mál er lúta að samningnum eða verk-/birgðabeiðnir.

- ____ _____Tilnefndur eignaeftirlitsfulltrúi er fulltrúi framkvæmdasviðs yfirmanns verksamningsgerðar (Administrative Contracting Officer's Representative) um málefni er lúta að eignum. Hafa skal samband við eignaeftirlitsfulltrúann um öll mál er lúta að eignastjórnun.

(lok greinar)